



SKOÐUN Skemmdir á Gálgahrauni eru óafturkræfar. Hvað um Almagnagjá? spyr Sesselja Guðmundsdóttir. **13**



MENNING Hlín Agnarsdóttir fékk sex leikkonur til að lesa verk sitt Oní uppúr á sextugsafmæli sínu. **46**



SPORT Man. City bauð upp á flugeldasýningu í gær er Tottenham kom í heimsókn. **22**

Kaupum gull

silfur, demanta, málverk og vönduð úr.

3. HÆÐ Í KRINGLUNNI (Hjá Læknaöðinni)
Sími: 661 7000 // www.kaupumgull.is

KAUPUM GULL **KG**

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

25. nóvember 2013
277. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Hættir í stjórn málum

Oddný Sturludóttir segir skilið við stjórn málin eftir átta ár sem borgarfulltrúi. Oddný segir fyrra kjörtímabil sitt hafa verið netta brjálsemi. **10**

Greiddu ranga skuld Umboðsmaður skuldara svipti hjón greiðsluskjóli eftir að þau borguðu skuld sína við foreldra annars þeirra. **6**

Fresta færslu óssins Framkvæmdum við ósa Jöklu og Lagarfjós, til varnar Fögruhlíðará og votlendi á náttúruminjaskrá, hefur verið frestað þótt bæjaryfirvöld hvetji til skjótra aðgerða. **8**

Samkomulag um Íran Stórveldin fagna kjarnorkusamningi við Íran. Ísraelsstjórn óttast að Íranir muni samt koma sér upp kjarnorkuvopnum. **10**



Bolungarvík	7°	SA	8
Akureyri	6°	SV	6
Egilsstaðir	4°	SV	5
Kirkjubæjarkl.	5°	SV	3
Reykjavík	8°	S	8

Úrkoma í öllum landshlutum í dag. Sunnan 6-15 m/s. Hlýnar nokkuð, hiti að 9 stigum en minnkandi frost inn til landsins NA-til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Vilja kaupa í Plain Vanilla

Þorsteinn Baldur Friðriksson, stofnandi Plain Vanilla, var kallaður út til San Francisco fyrir helgi til viðræðna við stóra fjárfesta, sem hafa sýnt mikinn áhuga á íslenska leikjaframleiðandanum í kjölfar vinsælda QuizUp.

VIÐSKIPTI Ekkert lát er á áhuga erlendra fjárfesta á íslenska leikjafyrirtækinu Plain Vanilla. Þorsteinn Baldur Friðriksson, stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, var fyrir helgi kallaður út til San Francisco þar sem hann hefur átt fundi með fjárfestum af stærri gerðinni.

„Þetta er búið að vera mjög gaman,“ segir Þorsteinn Baldur. „Bandaríkin virðast hafa tekið mjög vel við sér og QuizUp virðist vera á allra vörum núna.“

Þessi áhugi vaknaði eftir að Plain Vanilla gaf út spurningaleikinn QuizUp, en á aðeins hálfum mánuði hafa meira en þrjár

milljónir manna sótt sér þennan spurningaleik í farsíma sína og spjaldtölvur.

„Áhugi fólks á að vinna með okkur hefur aukist mjög mikið, eiginlega á öllum sviðum. Það er æðislegt,“ segir Þorsteinn Baldur.

Enn er þó ekkert í hendi og Þorsteinn vill ekki upplýsa meira meðan viðræður eru á viðkvæmu stigi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Sequoia Capital og kínverski fjárfestingarsjóðurinn Tencent á meðal þeirra sem hafa sýnt áhuga á að leggja Plain Vanilla til fjármagn svo fyrirtæk-

ið geti vaxið hratt og koma inn í rekstur þess.

Þá hefur Fréttablaðið heyrt af því að þessi skyndilegi áhugi fjárfesta erlendis hafi vakið athygli meðal íslenskra fjárfesta og þeir leiti nú fyrir sér að hugsanlegum tækifærum meðal frumkvöðlafyrirtækja hérlendis, sem sinnt hafa þörfum farsímanotenda.

Þorsteinn Baldur mun hafa notað ferðina til að ráðgast við íslenska frumkvöðla í Silíkondal. Á meðal þeirra eru Davíð Helgason, forstjóri Unity Technologies, sem er á meðal hluthafa í Plain Vanilla, og Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, sem nýverið seldi



Áhugi fólks á að vinna með okkur hefur aukist mjög mikið, eiginlega á öllum sviðum.

Þorsteinn Baldur Friðriksson
stofnandi Plain Vanilla.

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Clara til hugbúnaðarrisans Jive fyrir meira en milljarð króna.

gudstein@frettabladid.is



HRESSILEGUR BLÁSTUR Í KOLGRAFAFIRÐI Smábátasjómenn veiddu um fjórutíu tonn af síld í Kolgrafafirði um helgina. Það er aðeins örlítið brot af þeim eitt hundrað þúsund tonnum sem giskað er á að haldi nú til í firðinum. sjá síðu 2.

MYND/TÓMAS FREYR

Hiti vegna hvalveiða:

Halldóri var hótað lífláti

STJÓRN MÁL „Þetta var mikið undir rós, en það varð ekkert misskilið hvað menn áttu við,“ segir Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sem kveðst ítrekað hafa verið hótað lífláti vegna afstöðu Íslendinga til hvalveiða.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

„Fyrirtækin okkar urðu fyrir hótunum. Þeir sem sáu um markaðsmál, en líka Flugleiðir, á sínum tíma. Við sem einstaklingar urðum líka fyrir hótunum um að við skyldum hafa verra af,“ segir Halldór sem kveður lífláts-hótanir bæði hafi borist inn á heimili hans og vinnustað.

Árið 1985 var ákveðið að veida 200 dýr á ári í fjögur ár til þess að afla vísindalegra gagna. Í kjölfarið segir Halldór allt hafa farið í loft upp. „Það voru mikil mótmæli og hótanir og djöflast á sendiráðum okkar,“ segir hann.

- shá sjá síðu 4

Dregur saman með Evrópusambandsinum og þeim sem eru á móti aðild:

Sex af hverjum tíu á móti aðild

KÖNNUN Rúmlega 40 prósent þeirra sem tóku afstöðu í skoðanakönnun Capacent Gallup fyrir samtökin Já, Ísland eru hlynnt Evrópusambandsaðild, en tæp 60 prósent eru á móti. Fjölgað hefur um átta prósent í hópnum sem hlynntur er aðild frá því að sambærileg könnun var gerð fyrir ári.

Samkvæmt könnuninni eru karlar hlynntari því að ganga í Evrópu-

sambandið en konur. 47 prósent karla segjast hlynnt aðild en 53 prósent á móti. Hjá konunum segjast 36 prósent hlynnt aðild en 65 prósent eru á móti. Fleiri eru hlynntir aðild í höfuðborginni en á landsbyggðinni, eða 54 prósent á móti 28 prósentum. Stuðningur við aðild eykst með auknum tekjum og meiri menntun.

Mikill munur kemur fram í

58,3%

eru andvíg aðild að ESB.

könnuninni á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það segist aðhyllast. Andstaðan er mest í hópi framsóknarmanna en minnst meðal kjósenda Samfylkingarinnar.

- sjá bls. 6 / jme

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

ROYAL
Tryggir öruggan bakstur

ROYAL
BAKING POWDER
LYFTIUFT

SPURNING DAGSINS



Bragi, er þetta ekki örugglega þáttur sem bragð er að?

„Ja, ég vona allavega að hann skilji ekki eftir sig óbragð.“

Bragi Valdimar Skúlason er ásamt Brynju Þorgeirsdóttur stjórnandi sjónvarpsþáttarinnar Órðbragðs sem hóf göngu sína á RÚV í gær.

Sigmundur Davíð forsætisráðherra varaði við væntanlegum blekkingum stjórnarandstöðunnar: Segir að öll fyrirheit muni verða uppfyllt

STJÓRN MÁL „Munum uppfylla öll þau fyrirheit sem við höfum gefið,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson á haustfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins, sem haldinn var á Selfossi á laugardag: „Við ætlum að leiðrétta vegna sérstakra verðbólguáhrifa sem bankarnir bjuggu til.“

Í ræðunni gaf hann í fyrsta sinn örtilta innsýn í það hvað felast muni í væntanlegum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skuldamálu heimilanna, en til stendur að þær verði kynntar nú fyrir mánaðamót.

Hann lýsti því yfir að leiðum yrði blandað, þannig að bæði yrðu skuldir leiðrétta, eins og

framsóknarmenn boðuðu fyrir kosningar, og skattar lækkaðir, eins og sjálfstæðismenn boðuðu: „Það verður ekki vandamál fyrir okkur vegna þess að við lögðum sjálf til að skattaleiðin yrði farin.“

Í ræðunni varaði Sigmundur síðan félagi sína í flokknum við því að stjórnarandstaðan myndi reyna að afvegaleiða landsmenn þegar skuldaleiðréttingarhugmyndir stjórnarinnar verða birtar.

Engin ástæða væri þó til að hafa áhyggjur af þessum væntanlega blekkingarleið: „Vegna þess að við vitum að boðskapur okkar er réttur, afstaða okkar er rétt og þetta eru hlutir sem þurfa að gerast.“



LEIÐTOGAR STJÓRNARINNAR Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



VIOLA ORGANISTA Pólski organistinn Slawomir Zubrycki eyddi þremur árum í gerð hljóðfærinsins. NORDICPHOTOS/AFP

500 ára hugmynd að blöndu píanós og sellós að veruleika:

Hönnun da Vincis öðlast loks líf

TÓNLIST Óvenjulegt hljóðfæri hannað af Leonardo da Vinci fyrir um 500 árum hefur verið smíðað eftir teikningum sem fundust meðal verka hans. Hljóðfærinu var ætlað að vera blanda af píanói og sellói og gaf da Vinci því nafnið „Viola Organista“.

Það var pólski organistinn Slawomir Zubrycki sem smíðaði hljóðfærið en það tók hann heil þrjú ár. Hann lék í fyrsta sinn á hljóðfærið í tónlistarskólanum í Kraká fyrir vel valda gesti í síðasta mánuði. - b4

Mikil hálka á vegum í gær: Fjórar bílveltur á Suðurlandi

SAMGÖNGUR Gríðarleg hálka var á vegum í Árnessýslu í gær og ultu fjórir bílar þar í grennd. Enginn slasaðist þó alvarlega og betur fór en á horfðist.

„Fólk virðist ekki átta sig á þessari hálku og hafa ökumenn verið í vandræðum í allan dag,“ sagði lögreglukona í samtali við Fréttastofu Vísis í gær.

Bílvelturarnar urðu á Hellsisheiði, rétt austan við Selfoss, rétt fyrir neðan Reykholt og á gatnamótum Þingvallavegar og Lyngdalsheiðar.

Lögregla hvatti í kjölfarið ökumenn til að sýna varúð. - b4

Danska leyniþjónustan:

Áttatíu Danir í Sýrlandsstríði

DANMÖRK Um áttatíu Danir hafa farið til Sýrlands gagnert í þeim tilgangi að taka þátt í borgarastríðinu þar.

Þetta kemur fram í skýrslu dönsku leyniþjónustunnar, PET, sem hefur áhyggjur af því að sumir þessara manna gætu verið líklegir til að reyna að fremja hryðjuverk í Danmörku eða öðrum Evrópulöndum þegar þeir koma til baka.

Vitað er að sjö þeirra hafa látist í Sýrlandi, en um 40 eru þegar komnir aftur til Danmerkur. - gb

Búið að veiða um 40 tonn í Kolgrafafirði

Áætlað er að um 100 þúsund tonn séu af síld í Kolgrafafirði. Sjö til átta smábátar voru við veiðar fyrir innan brú um helgina. Um 80 þúsund krónur fást fyrir síldar tonnið. Smábátasjómenn eru hvattir til að sækja síldveiðileyfi til Fiskistofu í dag.

SJÁVARÚTVEGUR „Við fáum 80 þúsund krónur fyrir tonnið af síldinni og af þeim hirðir ríkið 20 þúsund. En þetta eru alveg ótrúlega skemmtilegar og spennandi veiðar. Annaðhvort er netið fullt af síld eða það er ekkert,“ segir Magnús Snorrason, skipstjóri á Sigga afa, 6 tonna smábát sem gerður er út frá Stykkishólmi.

Magnús er einn þeirra smábátasjómannanna sem hafa verið að síldveiðum fyrir innan brú í Kolgrafafirði. Enginn veit hversu mikið er af síld í firðinum en menn telja það gætu verið allt að hundrad þúsund tonn. Sjö til átta smábátar hafa verið við veiðar fyrir innan brúna í gær og fyrradag. Í gærkvöldi var búið að landa um 40 tonnum af síld úr Kolgrafafirði í Grundarfirði og Stykkishólmi.

„Það var mokveiði í gærmorgun en þegar leið á daginn datt botninn úr veiðunum,“ sagði Magnús.

Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði í Kolgrafafirði, segir að mönnum hafi létt þegar fór að hvesa og rigna í gær.

„Við erum rosalega ánægð með svona veður, þá er meira súrefni í sjónum og líkurnar á því að síldin dreipist minnka,“ segir Bjarni.

Hann segir að hans fyrsta verk í gærmorgun hafi verið að fara út og gá hvort dauða síld hefði rekið á land.

„Mér létti þegar ég sá enga síld og kættist mjög þegar ég sá 12 erni sem voru á sveimi yfir firðinum,“ segir Bjarni.

Í dag eða á morgun verður tekin ákvörðun um hvort reynt verður að koma upp löndunarástöðu í Kolgrafafirði. Bjarni segir að búið sé



MOKVEIÐI Síldveiðar smábátar gengu vel innan brúar í Kolgrafafirði um helgina. Ekki hefur orðið vart við dauða síld í firðinum. Spáð er vætusömu og fremur hvössu næstu daga sem ætti að draga úr hættu á síldardauða. TÓMAS FREYR/FRÉTTABLAÐIÐ



BJARNI SIGURBJÖRNSSON

ad finna stað sem gæti hentað vel til þess að koma slíkri aðstöðu upp.

Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri í Grundarfirði, segir að síldin úr Kolgrafafirði sé bæði stór og góð og fari öll til manneldis.

Ekki er aðstaða til að vinna hana í Grundarfirði svo hún fer beint upp á vörubíspall og er ekið með hana til Akraness og Þorlákshafnar. Síldin, sem landað er í Stykkishólmi, er unnin á staðnum.

Sjávarútvegsráðherra gaf á föstudag smábátum frjálsar síldveiðar innan brúar í Kolgrafafirði í fjóra daga og rennur leyfið út á morgun. Landssamband smábátasjómannanna hvetur þá sem hafa hug á að halda veiðunum áfram að snúa sér þegar í stað til Fiskistofu og sækja um leyfi fyrir því magni af síld sem þeir hyggjast veiða.

johanna@frettabladid.is



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Meira en 11 þúsund börn hafa látið lífið í sýrlenska borgarastríðinu:

Hundruð barna skotin úr leyni

SÝRLAND Hundruð barna hafa verið myrt af leyniskyttum í Sýrlandi eftir að borgarastríðið þar hófst fyrir nærri þremur árum. Alls hafa meira en ellefu þúsund börn látið lífið í átökunum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá breskri stofnun, Oxford Research Group, sem hefur farið í gegnum gögn um manntjón í átökunum allt frá því í mars árið 2011 þangað til í ágúst á þessu ári.

Í skýrslunni kemur einnig fram að börn, allt niður í eins árs aldur, hafi mátt þola pyntingar.

Í mestri hættu eru drengir á aldrinum 13 til 17 ára, en stúlkur eru um þriðjungur þeirra barna sem látið hafa lífið í þessari langvinnu borgarastrýjöld.

„Það sem veldur mestum áhyggjum varðandi niðurstöðu skýrslunnar er ekki aðeins fjöldi þeirra barna sem hafa verið drepin í þessu stríði, heldur hvernig þau hafa verið drepin,“ segir Hana Salama, einn höfundanna hennar. „Allir aðilar áttakanna verða að taka ábyrgð á því að vernda börnin, og á endanum að finna friðsamlega lausn á þessu stríði.“

Stofnunin tekur fram að í skýrslunni sé alfarið



STRÍÐSÁSTAND Þessi piltur í Aleppo særðist á höfði í stríðsátökum þar nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

byggt á frásögnum af dauðsföllum sem hægt hefur verið að staðfesta. Ekki sé ólíklegt að raunverulegu tölurnar séu enn hærri. - gb

Við opnum nýja kynslóð útibúa í Vesturbæ

Í dag opnar Landsbankinn nýja kynslóð útibúa við Hagatorg í Vesturbæ. Með því stígum við mikilvægt skref í nútímavæðingu útibúa, í takt við stórauðna netnotkun og breyttar þarfir viðskiptavina.

Breytt meðhöndlun á reiðufé

Öll meðhöndlun seðla verður í nýrri gerð hraðbanka þar sem m.a. er hægt að leggja inn reiðufé og greiða reikninga.


Aukin þjónusta

Með nýrri tækni hefur skapast tækifæri til að gera þjónustu bankans sérhæfðari og sveigjanlegri.

Við tökum vel á móti þér

Starfsfólk bankans tekur vel á móti viðskiptavinum og leiðbeinir þeim eftir þörfum við öll bankaviðskipti í nýju útibúi.

Við bjóðum ykkur velkomin í útibú Landsbankans við Hagatorg í Vesturbæ. Allar nánari upplýsingar um breytingarnar er að finna á landsbankinn.is/nyutibu.



SVONA ERUM VIÐ



51,6% aukning varð í notkun olíu á bíla og önnur tæki Íslendinga á aldarfjórðungnum milli 1987 og 2012.

Notkunin var 182 þúsund tonn árið 1987 og var orðin 276 þúsund tonn í fyrra.

Formaður SA segir myndskaið frá Verkalýðsfélagi Akraness ekki málefnalegt:

Vilja þjóðarsátt um kaupmátt

KJARAMÁL Þorsteinn Víglundsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir það ekki innlegg í málefnalega umræðu að líkja forystu samtakanna við Hitler og liðsmenn hans. Þetta telur Þorsteinn Verkalýðsfélag Akraness hafa gert með því að setja á netið fræga stiklu úr þýsku kvikmyndinni Der Untergang.

Stíklan sýnir nasistaleiðtogann ávíta undirmenn sína harkalega og það þykir vinsælt grín í netheim-



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

um að setja nýja texta við myndskaiðið. Í þessu tilviki virðist sem Hitler sé ósáttur við kröfur almennings um launahækkunar.

„Við birtum auglýsingu sem byggir á törlulegum staðreyndum um launabróun hér og í samangang við Norðurlönd,“ segir Þorsteinn. Hann segir samtökinn vilja þjóðarsátt um að auka kaupmátt í landinu.

Verkalýðsfélagið gerði myndskaiðið sem svar við umdeildri auglýsingu Samtaka atvinnulífsins, þar sem fært er

- hmp, bá

Loks var opnað um helgina: Skíðatímabilið farið af stað

ÚTIVIST Skíðasvæðin í Bláfjöllum og í Hlíðarfjalli voru bæði opnuð um helgina í fyrsta sinn í vetur. Í Hlíðarfjalli var opið frá fimmtudegi til sunnudags en í Bláfjöllum var einungis opið á laugar- dag.

Samkvæmt Facebook-síðu Hlíðarfjalls var veðrið að mestu gott og er stefnt á að hafa aftur opið um næstu helgi. Í Bláfjöllum er þó enn frekar lítið um snjó. Í gærkvöld hafði ekki verið ákveðið hvenær yrði næst opið þar. - bá

Sendiherra lætur af störfum: Luis Arreaga kveður Ísland

UTANRÍKISMÁL Luis Arreaga hefur látið af störfum sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Hann yfirgaf landið í gær og sendi um leið hugljúfa kveðju til Íslendinga á bloggsíðu sinni.



LUIS ARREAGA

Arreaga tók við sendiherraembætti hér á landi árið 2010 og var tiltölulega virkur í íslensku þjóðlífi meðan á dvöl hans stóð. Til að mynda tók hann þátt í gleðigöngu Hinsegin daga í Reykjavík öll þrjú árin sem hann gegndi embætti.

Eftirmaður hans verður lögmaðurinn Robert C. Barber. - bá

Óhöpp í umferðinni: Ók ótryggðum bíl á ljósastaur

LÖGREGLUMÁL Ökumaður sem ók eftir Reykjanesbrautinni missti stjórn á bifreið sinni. Þegar lögreglan kom á vettvang kom í ljós að bifreiðin var ótryggð og voru númerin því klippt af henni. Ökumanninum og farþega var ekið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Nokkuð var um minni háttar umferðarhöpp á Suðurnesjum í vikunni. Þrígga bíla áreksstur varð í Njarðvík. Lyftari bakkaði á olíuflutningabifreið, bifreið með aftanívagn var bakkað á ljósastaur og tilkynnt var um að ekið hefði verið á mannláusa bifreið, en ökumaður stungið af. - skó

Hótað lífláti vegna veiða Íslands á hval

Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, fékk líflátshótanir bæði bréflaga og símleiðis vegna hvalveiða. Hann lýsir Alþjóðahvalveiðiráðinu sem sirkus.

UTANRÍKISMÁL Halldóri Ásgrímssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, var ítrekað hótað lífláti vegna afstöðu Íslendinga til hvalveiða og ákvörðunar um að taka upp veiðar að nýju á sínum tíma. Halldór segir í viðtali við Fréttablaðið að þrýstingur vegna hvalveiðanna hafi komið úr mörgum áttum. Frá stjórnvöldum einstakra ríkja, bæði Bandaríkjanna og frá Evrópu. En hótanirnar komu ekki síst frá ýmsum dýraverndunarsamtökum eins og þekkt er.

„Fyrirtækin okkar urðu fyrir hótunum. Þeir sem sáu um markaðsmál, en líka Flugleiðir á sínum tíma. Við sem einstaklingar urðum líka fyrir hótunum um að við skyldum hafa verra af. Þetta var mikið undir rós, en það varð ekkert misskilið hvað menn áttu við. Það var mikið af bréfum og hringingum sem dundu yfir,“ segir Halldór og jatar því að líflátshótanir hafi borist honum bæði inn á vinnustað hans og eins búrúst hótanir með sömu leiðum inn á heimili Halldórs. „Já, það var alltaf eitthvað, en þetta er eitthvað sem tilheyrir þessu,“ segir Halldór.

Hvalveiðar og ferðapjónusta voru til umfjöllunar á Sjávarútvegsráðstefnunni sem lauk á föstudag. Halldór fjallaði þar um hvalveiðir í samhengi við stjórn-sýslu og átökinn um þetta hitamál.

Í erindi sínu rifjaði Halldór upp forsöguna, þegar Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti árið 1982 að banna hvalveiðir í atvinnuskyni í fimm ár – bann sem stendur enn.



STÓÐ Í ELDLÍNUNNI Halldór segir að ekki megi líta framhá þeim miklu tilfinningum sem hafa fylgt hvalveiðum, enda þekkir hann þær frá fyrstu hendi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halldór bendir á að engar vísindalegar upplýsingar um stofnstærð hvala hafi legið fyrir á þessum tíma. Árið 1985 var ákveðið að veiða 200 dýr á ári í fjögur ár til þess að afla vísindalegra gagna, en þá hófust viðræður við Bandaríkjamenn vegna þess að „við töldum okkur þurfa að eiga frið við þá“, segir Halldór.

Í kjölfarið á ákvörðunum um veiðarnar lýsir Halldór því að allt hafi farið í loft upp. „Það voru mikil mótmæli og hótanir og djöflast á sendiráðum okkar. Við sömdum við Bandaríkin og við-

skiptaþvingunum var afstýrt. Viðskipti við þá voru að mestu eðlileg en þó voru ákveðin vandamál, til dæmis hjá Coldwater [dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum] sem lenti mjög í klónum á þessu liði.“

Halldór lýsir Alþjóðahvalveiðiráðinu sem sirkus sem ekki hafi virt eitt neitt af því sem þar hefur verið sett niður á blað. Eins og kunnugt er sagði Ísland sig úr ráðinu til að geta hafið atvinnuveiðar að nýju, sem varð að veruleika árið 2006.

svavar@frettabladid.is



LÖGREGLA GREIP INN Í Maðurinn var færður í fangaklefa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maður í annarlegu ástandi: Handtekinn fyrir að bíta

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á ferðagsaldri var handtekinn í nótt fyrir að bíta konu í tvo fingur og valda eiginmanni hennar áverka. Maðurinn var staddur heima hjá hjónunum á Álftanesi og var að sögn lögreglu í annarlegu ástandi. Hann var vistaður í fangaklefa en hjónin bæði flutt á slysadeild með sjúkrafífrið. Lögregla tók fimm ökumenn úr umferð aðfaranótt sunnudags fyrir akstur undir áhrifum. Þá var þrítugur karlmaður fluttur á slysadeild eftir líkamsárás á skemmtistað við Austurvöll. - bá

Áhyggjur af ágangi dýra: Fuglar éta korn frá bændum

LANDBÚNAÐUR Meðlimir atvinnu- og menningarmálanefndar Hornafjarðar hafa áhyggjur af ágangi hreindýra, gæsa og álfta á tún og akra bænda í sýslunni. Fara verði í aðgerðir til að sporna gegn þessari þróun.

Á síðasta fundi nefndarinnar kom fram að ræktun á korni í héraðinu hefur ekki verið minni síðan 2008. Ávinningur bænda sé lítill vegna ágangs fugla og hagstæðs innflutningsverðs. „Fugl tekur um 20 prósent þar sem verst er,“ segir nefndin. - gar

LISTERINE ZERO™

ÁN ALKÓHÓLS


- Mildara og minna bragð
- Fyrir alla fjölskylduna
- Fyrir börn frá 6 ára aldri
- Tvöfalt flúormagn 0,05%
- Fyrirbyggir tannskemmdir
- Minnkar tannskýklu
- Dregur úr andremmu

Fæst í apótekum

Listerine Zero inniheldur sömu virku efni og annað Listerine en án alkóhóls

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður





Way of Life!

...hann liggur svo vel á vegi að bros færðist breiðar og breiðar yfir ökumann eftir því sem hann var reyndur meira...

...Þessi bíll er með alvöru fjórhjóladrífi ...Tilfinning fyrir vegi er mikil...

...Ein af allra stærstu kostum þessa nýja SX4 er hve mikill staðalbúnaður fylgir...
Fréttablaðið 01.10.2013

Nýr tímamóta jepplingur frá SUZUKI

Nýstárleg hönnun S-Cross býður upp á einstaklega rúmgott farþega og farangursrými. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í sérflokki auk ríkulegs staðalbúnaðar gera bílinn einstakan í sínum flokki.

VERÐ: framhjóladrifinn frá kr. 3.980 þús., fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.



SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

VEISTU SVARID?



1. Hver er forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar?
2. Hvaða íslenski vísindamaður hefur dottið niður á aðferð til þess að búa til áburð með einfaldari hætti en áður?
3. Hverju segir Ólafur Gíslason listfræðingur að búið sé að „klína upp á Kjarval“?

SVÖR:
1. Sigurborg Kr. Hannesdóttir. 2. Egill Skilfason. 3. Þjódleikum gíldum.

Olúfélagið Petoro vill leita á íslenska hluta Drekasvæðisins:

Norðmenn með í þriðja sérleyfi

ORKUMÁL Petoro Iceland AS, olúfélag norska ríkisins, verður þátttakandi í þriðja sérleyfinu til olúleitar og -vinnslu á Drekasvæðinu. Þetta kemur fram í bréfi sem barst Orkustofnun síðastliðinn föstudag.

Áður en sérleyfið er gefið út þarf þó norska Stórþingið að samþykkja aðild Petoro að verkefninu. Fáist það samþykki þurfa aðilar sérleyfisins að undirrita samstarfssamning um verkefnið. Þá mun Orkustofnun gefa út sérleyfið, væntanlega öðrum hvorum megin við áramót.

Petoro yrði með þessu þátttakandi að fjórðungshlut í leyfinu, ásamt kínverska ríkisólúféluginu CNOOC International Limited og Eykon Energy ehf. -bá

OLÍUBORPALLUR Búist er við að Orkustofnun gefi út sérleyfi til olúleitar á Drekasvæðinu um áramót.



Vegfarendur varaðir við: Flughált víða á vegum landsins

SAMGÖNGUR Vegagerðin sendi frá sér tilkynningu í gærkvöldi þar sem varað er við flughálku á Holtavörðuhéði, Bröttubrekku, Landvegi, Mýrdalssandi og í kringum Kirkjubæjarklaustur. Einnig eru vegfarendur varaðir við umferð hreindýra á Austur- og Suðausturlandi.

Þá er unnið að jarðvegsskiptum vegna lagfæringar á Álftanesvegi um 300 metra norðan Garðaholtsvegur. Búast má við einhverjum truflunum vegna þess. -bá



ÁTÓK Lögregla og mótmælendur úða táragsi í mótmælunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilja samstarfssamning við ESB:

Fjölmenn mótmæli í Úkraínu

KÆNUGARÐUR, AP Um fimmtíu þúsund mótmælendur komu saman í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, í gær. Mótmælin voru í tilefni þess að ríkisstjórn Viktors Yanukovich hætti í síðustu viku við að skrifa undir sögulegan samstarfssamning við Evrópusambandið.

Talið er að þrýstingur frá rússneskum stjórnvöldum hafi orðið til þess að hætt var við samkomulagið. Einnig hefur Evrópusambandið fram á að ríkisstjórn Úkraínu sleppi fyrrverandi forsætisráðherra landsins, Yuliu Tymoshenko, úr haldi. -bá

Kvennalistinn heiðraður:

Ljósaganga UN Women í kvöld

FÉLAGSMÁL Samtökin UN Women á Íslandi standa fyrir árlegri Ljósagöngu sinni í kvöld í tilefni alþjóðlegs baráttudags Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi.

Sérstakir heiðursgestir í ár eru konur sem áttu þátt í stofnun Kvennalistans fyrir 30 árum. Í tilkynningu segir að samtökin vilji heiðra starf þessara kvenna í þágu jafnréttis á Íslandi.

Gangan hefst klukkan sjö í Alþingisgarðinum. Að henni lokinni verða heiðursgestir með erindi á Stúdentakjallaranum. -bá

Gunnar Bragi á ráðstefnu:

Ráðherra fjallar um öryggismál

STJÓRNMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um utanríkis- og öryggismál í Halifax í Kanada nú um helgina.

Tók hann til máls í pallborðsumræðum um málefni norðurslóða, ásamt varnarmálaráðherrum Kanada og Danmerkur.

Í umræðunum lagði utanríkisráðherra áherslu á gildi alþjóðalaga auk mikilvægis alþjóðasamstarfs og rannsóknarvinnu fyrir friðsamlega og sjálfbæra þróun á norðurslóðum. -bá

Fylgjendum aðildar að ESB fer fjölgandi

Andstaðan við ESB-aðild er mest innan Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Nú af hverjum tíu stuðningsmönnum Samfylkingarinnar styðja aðild. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir samtökin Já, Ísland í þessum mánuði.

KÖNNUN Átta prósent fleiri segjast nú myndu játa því í þjóðaratkvæðagreiðslu að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu en fyrir ári. Að sama skapi fækkar um 6,2 prósent í hópi þeirra sem eru á móti aðild að sambandinu.

Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Já, Ísland, samtök Evrópusinna hér á landi.

Spurt var: Ef aðild Íslands að Evrópusambandinu yrði borin undir þjóðaratkvæði í dag hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði? Svarmöguleikarnir voru fjórir, örugglega eða sennilega með aðild og örugglega eða sennilega á móti aðild.

41,7 prósent töldu öruggt eða sennilegt að þau myndu greiða atkvæði með aðild, fyrir ári var hlutfallið 33,7 prósent.


58,3 prósent sögðu öruggt eða sennilegt að þau myndu greiða atkvæði á móti aðild að Evrópusambandinu, fyrir ári var það hlutfall 64,5 prósent.

Ef þetta er greint eftir stjórnmálaflokkum og þeir flokkaðir saman sem segjast örugglega eða sennilega hlyntir aðild og í hinn flokkinn settir þeir sem eru örugglega og sennilega á móti aðild, kemur í ljós að andstaðan gegn ESB er mest meðal þeirra sem segjast kjósa Framsóknarflokkinn. 13 prósent framsóknarmanna lýsa sig hlynt aðild en 87 prósent eru andvíg aðild.

Í hópi stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins eru 79 prósent á móti aðild en 21 prósent með aðild.

Samkvæmt könnuninni myndu 59

MEÐ OG Á MÓTI AÐILD AÐ ESB



Spurt var: Ef aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) yrði borin undir þjóðaratkvæði í dag, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?

75%

þeirra sem segjast styðja Bjarta framtíð eru jákvæð gagnvart aðild


prósent Vinstri grænna kjósa gegn aðild en 41 prósent er hlynt aðild. Aðild að Evrópusambandinu á langmestu fylgi að fagna í Samfylkingunni, 91 prósent segist myndu kjósa með aðild en 9 prósent segjast á móti aðild að ESB.

75 prósent þeirra sem segjast styðja Bjarta framtíð eru jákvæð gagnvart aðild en 25 prósent eru andvíg.

Könnun Capacent Gallup var netkönnun gerð 7.-19. nóvember. 1.450 voru í úrtakinu, 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 62,1 prósent.

johanna@frettabladid.is

Afstaðan til ESB greind eftir stjórnmálaflokkum



Örugglega með aðild
Sennilega með aðild
Sennilega á móti aðild
Örugglega á móti aðild

Trillusjómanshjón í 97 milljóna króna skuld voru svipt greiðsluskjóli:

Máttu ekki borga foreldrunum

FJÁRMÁL Hjón sem voru í greiðslu-aðlögun voru tekin úr henni eftir að hafa greitt tæplega 600 þúsund króna skuld við foreldra annars þeirra.

Maðurinn er trillusjómáður og konan vinnur sem gjaldkeri í hlutastarfi og auk þess við skúr-ingar. Samkvæmt upplýsingum í úrskurði kærunefndar greiðslu-aðlögunarmála skulda hjónin nú tæpar 97 milljónir króna. Þau hafi verið í greiðsluskjóli frá því á árinu 2010. Ónóg-ar upplýsingar hafi borist um tekjur þeirra og ráðstöfun fjárens. Á endan-um svipti umboðs-mað-ur

skuldara þau greiðslu-aðlöguninni. Í viðleitni til að draga saman seglin tókst hjónunum meðal annars að skipta út hjólhýsi sínu fyrir fellihýsi.

Fram kemur að hjónin hafi borgað foreldrum annars þeirra tæplega 600 þúsund króna skuld jafn-vel þótt þau hafi vitað að það væri ekki rétt gagnvart öðrum kröfu-höfum. „Þau hafi talið sig verða að greiða foreldum sínum þar sem þau hafi skuldað þeim og liðið illa yfir skuldinni,“ segir kærunefndin sem tók málið til úrskurðar að beiðni hjónanna og staðfesti ákvörðun umboðsmanns skuldara. -gar



HJÓLHÝSI Hjónum tókst að skipta á hjólhýsi og fellihýsi en það dugði ekki til.



Sidmennt
- skráð lífsskoðunarfélag

Þann 3. maí fékk Sidmennt formlega skráningu sem veraldlegt lífsskoðunarfélag

Skráðu þig í félagið á www.sidmennt.is

SIDMENNT
www.sidmennt.is

kynntu þér málið!

GEFÐU MÉR GOTT Í JÓLASKÓINN...

**TAX
FREE**

DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SKÓM 21.-25. NÓVEMBER
SÍÐASTI SÉNS Í DAG!



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 25. nóvember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



HEIMAEY Halda eftir meiru af laun-
unum. MYND/ÓSKAR

Skattalækkun í Eyjum:

Lækka útsvarið um 0,5 prósent

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt að lækka útsvar um hálf prósent. Fer þá álagningin á næsta ári úr 14,48 prósentum í 13,98.

Fulltrúar minnihluta V-lista sögðust telja eðlilegra að efla þjónustu við bæjarbúa en að lækka útsvarið. Meirihluti Sjálfstæðisflokks sagðist hins vegar „telja bæjarbúa best til þess fallna að velja sjálfir hvernig þeir fara með tekjur sínar“ og benti á að íbúar í Vestmannaeyjum mældust meðal þeirra ánægðustu á landinu öllu þegar spurt væri um þjónustu sveitarfélaga. -gar



SELFLOSS Heita vatnið hefur hækkað um 43 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gjaldskrárhækkun í Árborg: Verð á heitu vatni hækkað

ORKUMÁL Fulltrúar minnihlutans í framkvæmda- og veitustjórn Árborgar mótmæltu harðlega þegar ákveðið var á fundi stjórnarinnar að hækka verð á heitu vatni frá Selfossveitum um 5 prósent.

„Ef þessi tillaga verður samþykkt hefur verð á heitu vatni í sveitarfélaginu hækkað um rúm 43 prósent á kjörtímabilinu sem er langt umfram launþróun helstu launþegahópa,“ bókuðu fulltrúar minnihlutans. „Er þessi aukna hækkun ekkert annað en illa dulin skattahækkun.“

Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks sögðu forsendur hafa breyst. „Það er skylda okkar sem kjörinna fulltrúa að reka veiturnar ekki með tapi,“ bókuðu þeir. -gar

www.volkswagen.is



Aukabíndur á mynd: 16" dilllegur, bokuljós

Tafir gætu ógnað umhverfi

Framkvæmdum við ósa Jöklu og Lagarfljóts, til varnar Fögruhlíðará og votlendi á náttúruminjaskrá, hefur verið frestað þar sem athuga þarf hvort umhverfismat þurfi. Bæjaryfirvöld hvetja til skjótrar úrlausnar.

UMHVERFISMÁL Ósa Lagarfljóts og Jöklu við Héraðsflóa hefur færst norður um 1,3 kílómetra á síðustu árum og nú er svo komið að mögulegt er að ósinn muni brjótast yfir í Fögruhlíðará. Fyrirhugaðar mótvægisframkvæmdir til að leiðrétta rennsli óssins gætu frestast um eitt ár en bæjarstjórn Fljótalds-héraðs hefur hvatt til þess að til þeirra verði gripið svo fljótt sem auðið er.



STEFÁN BOGI SVEINSSON

Síðustu ár, eftir að Kárahnjúkastíflan kom til, hefur ósinn færst norðar, yfir votlendis-svæði sem þar er og fast upp að bökkum Fögruhlíðarár, sem er 3,2 kílómetrum frá þeim stað sem ósinn var um síðustu aldamót. Landeigendur í nágrenninu hafa viðrað áhyggjur sínar af þróuninni og hugðist Landsvirkjun bregðast við með því að grafa út nýjan ós á þeim stað sem hann var um aldamótin og áratuginna þar á undan.

Til stendur að grafa þar 200 metra langan og tíu metra breiðan skurð í gegnum fjörukambinn, sem er gróðurlaust sandrif, án þess þó að hlaða grjóttgarð eða nokkur önnur varanleg mannvirki.

Framkvæmdasvæðið sem um ræðir er þó innan svæða sem eru á náttúruminjaskrá, vegna votlendis milli Jöklu og Fögruhlíðarár, sem er nú að miklu leyti komið undir ósa Jöklu. Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemd við fyrirhugaða færslu óssins, þar sem hann hefur í gegnum tíðina færst fram og til baka á náttúrulegan hátt. Þá megi líka ætla að framkvæmdin muni þvert á móti auka verndargildi svæðisins.

Hins vegar ber framkvæmdin í sér kvöð um að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar, sem hefur beðið Landsvirkjun um frekari upplýsingar áður en tekin verði afstaða til þess hvort láta verði fara fram sérstakt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Á síðasta bæjarstjórnarfundum í Fljótaldshéraði var lagður fram tölvupóstur frá Landsvirkjun þar sem segir að verkið muni dragast vegna þessa og nú sé gert ráð fyrir að verkið verði unnið í október og nóvember á næsta ári.

Stefán Bogi Sveinsson, formaður bæjarstjórnar á Fljótaldshéraði, segir í samtali við Fréttablaðið að það sé vissulega bagalegt að sjá fram á slíkar tafir, enda steðji ógn að votlendinu norðan óssins og ræktarlandi í nágrenninu.

„Þegar framkvæmdaaðili vill ganga í málið og landeigendur og aðrir sem að þessu koma eru sáttir, er leiðinlegt að geta ekki



ILLT Í EFNÍ Eftir að Kárahnjúkavirkjun komst í gagnið hefur ós Jöklu og Lagarfljóts færst norðar og ógnar nú bæði Fögruhlíðará og votlendi á minjaskrá. Landsvirkjun hyggst grafa skurð í gegnum fjörukamb til að færa ósinn í fyrra horf. MYND/LANDSVIRKJUN



ÓSINN FÆRIST NORÐUR Heimamenn óttast að tafir á færslu sameiginleg óss Lagarfljóts og Jöklu leiði til tjóns á votlendi og skaði veiði í Fögruhlíðará. MYND/LANDSVIRKJUN

ráðist í verkið til að tryggja að menn standi ekki frammi fyrir tjóni.“

Stefán segist gera sér fulla grein fyrir því að Skipulagsstofnun sé einungis að fylgja lögum, en vonast til þess að niðurstaðan verði sú að ekki sé þörf á sérstöku umhverfismati.

„Þetta er fyrst og fremst spurning um það

➔ Ósinn hefur færst 1,3 kílómetra síðan Kárahnjúkavirkjun var tekin í gagnið.

að Skipulagsstofnun fái þau skilaboð að það sé mikilvægt að þetta verði unnið hratt.“

thorgils@frettabladid.is

Volkswagen Polo Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins
5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:

2.460.000 kr.

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestaflla, beinskíptur



Das Auto.

NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

20% afsláttur
Fiskskréttur m/ sesam og graslauk
1689 kr./kg
~~1898~~ kr./kg

30% afsláttur
Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði
Grisagnitsel
1189 kr./kg
~~1698~~ kr./kg

30% afsláttur
Bestir í kjöti
Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði
Grisagnitsel
1189 kr./kg
~~1698~~ kr./kg

30% afsláttur
Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði
ÍM heill kjúklingur, ferskur
798 kr./kg
~~969~~ kr./kg

30% afsláttur
Eggjanúðlur m/kjúklingi
1598 kr./kg
~~1998~~ kr./kg

Tilboð í Nóatúni

Gildir frá 25. – 28. nóvember

30% afsláttur
Brokkoli/spergilkál
399 kr./kg
~~578~~ kr./kg

15% afsláttur
Klementínur/mandarínur
329 kr./kg
~~399~~ kr./kg

30% afsláttur
Pykkvabæjar kartöflumús, 600 g
549 kr./pk.
~~639~~ kr./pk.

KEA skyr m/vanillu
155 kr./stk.
~~168~~ kr./stk.

Jólahlaðborð 2013
Nóatúns

Veislur frá 1990 kr. pr. mann

Pantaðu þína veislu á www.noatun.is

30% afsláttur
Myllu jólaterta m/sultu og kremi
319 kr./stk.
~~349~~ kr./stk.

Mjólka rjómi, 400 ml
359 kr./stk.
~~398~~ kr./stk.

30% afsláttur
Don Simon appelsínusafi m/aldinkjöti og Tropical, 1 lítri
289 kr./stk.
~~328~~ kr./stk.

Gæðabakstur heilkornakubbur
339 kr./pk.
~~379~~ kr./pk.

ODDNÝ STURLUDÓTTIR, BORGARFULLTRÚI SAMFYLKINGAR

Oddný kveður stjórn málin í vor

Oddný Sturludóttir segir skilið við stjórn málin eftir átta ára starf sem borgarfulltrúi. Hún segir fyrra kjörtímabil sitt hafa verið netta brjálsemi, en hún hafi notið meirihlutasamstarfsins undanfarin ár. Pólitíkin sé svo miklu meira en hráskinnaleikurinn í fjölmiðlum.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR stefnir á framhaldsnám á sviði mennta- og menningarmála og nýtir þar fyrri reynslu sína af tónlist, kennslu, ritstörfum – og stjórn málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eva Bjarnadóttir
eva@frettabladid.is

Oddný Sturludóttir kom ný inn í stjórn málin árið 2006, þá 29 ára gömul. Hún náði síðan öðru sæti á lista Samfylkingarinnar til borgarstjórnar árið 2010 og hefur verið formaður skóla- og frístundaráðs á kjörtímabilinu.

Nú hefur hún tekið ákvörðun um að breyta til. Stefnuna setur hún á frekara nám.

Nett brjálsemi

Hún tilkynnir ákvörðun sína sama dag og það ræðst í fulltrúaráði Samfylkingarinnar í Reykjavík hvaða aðferð verður valin til að raða á lista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. „Ég hef fundið vaxandi þörf hjá mér til að víkka sjónvildarhringinn. Borgarstjórn er skemmtilegur vinnustaður og ég er stolt af síðustu misserum og finnst skrefin sem við höfum stigið vera til mikilla bóta. Framfarir og líðan reykviskra barna og unglunga er góð og á skóla- og frístundasviði mælist mikil starfsánægja, sú mesta af öllum sviðum borgarinnar. En það hefur oft verið strembið að ná öllu þessu fram á tímum hagræðingar og aðhalds, ekki síst þar sem mikill vöxtur hljóp í barnahópinn á sama tíma. Það er góð tilfinning að standa upp frá góðum verkum – og þessum ánægjulegu vaxtarverkjum líka.“

Mörgum hefur fundist pólitíkin í borginni hafi breyst til batnaðar á kjörtímabilinu. Reyndist það ekki vera hvatning til að halda áfram? „Kjörtímabilið á undan var nett brjálsemi,“ segir Oddný og hlær. „Það var því áriðandi að mynda starfhæfan og samstilltan meirihluta vorið 2010. En mín persónulega ákvörðun getur aldrei byggst á ástandinu í borginni í dag heldur löngun minni til að njóta þess ævintýris sem lífið er. Það hefur verið gaman og gagnlegt að vinna í meirihlutanum og málefnalega ber ekki skugga á samstarfið. Það má segja að við höfum náð að „besta jafnaðarstefnuna“ og ég er stolt af burðarhlutverki Samfylkingarinnar á kjörtímabilinu enda höfum við leitt stærstu mála flokkana.“

Draumaeftirmaðurinn

Fleiri reyndir sveitarstjórnarmenn Samfylkingarinnar hafa tilkynnt að þeir hætti næsta vor og spurst hefur að Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hugleiði einnig að hætta. Hvaða áhrif telur Oddný að brotthvarf hennar sjálfar hafi á borgarstjórnarflokkinn? „Það er ekki mitt að meta það. En það er nóg af góðu fólki í Reykjavík til að taka við. Ég myndi vilja sjá sterka skólamaneskju ná sér í borgarstjórn og hlutur kvenna og karla verður að vera jafn. Ég hef áhyggjur af því hvað ráðamenn og aðrir í samfélaginu leyfa sér að tala niður skólastarf á Íslandi, oft

byggt á sleggjudómum og ódýrum tölfræðitúlkunum. Við eigum að skilgreina sérstöðu okkar og styrkleika íslensks skólakerfis. Á þeim grunni eigum við að ræða umbætur og þróun, hvað við viljum halda í, hvað við viljum styrkja og hverju breyta. Þetta tal um lélegan árangur, vonda samanburð og að við fáum „lítið fyrir mikið“, þ.e. lítinn árangur fyrir mikið fé, skilar okkur engu nema að draga máttinn úr því starfi sem unnið er. Bestu skólakerfi heims eru þau sem ná að sameina gæði og jöfnuð. Sums staðar eru gæðin í hæstu hæðum, miðað við útkomu í samræmdum mælingum, en lítill jöfnuður. Við viljum ekki líkjast þeim, hins vegar vilja mjög margir líkjast okkur þegar kemur að jöfnuði, hann er okkar styrkleiki.“

En hvaða hvatningu ætli hún hafi til þeirra sem sem hugleiða, eða hugleiða kannski alls ekki, framboð næsta vor?

„Að vera í stjórn málum er gefandi og skemmtilegt og ég hvet þá sem hafa áhuga á samfélaginu að íhuga stjórn málaþátttöku og taka þátt. Pólitík er svo miklu meira en sá hráskinnaleikur sem oft birtist fólki í gegnum fjölmiðla. Ég hef eignast marga góða félagi á pólitík en dýrmætust eru kynnin af öllu því frábæra fólki sem starfar í þágu borgarbúa, þar þekki ég best til fólks í skóla- og frístundageiranum. Í raun á ég þeim að þakka löngunina til að læra meira.“

SESARSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFERAN



ÁNÆGD MEÐ NIÐURSTÖÐUNA Samningafólkið í Genf fagnar því að samningar tókust.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samið í Genf

Stórveldin fagna kjarnorkusamningi við Íran. Ekkert tillit var tekið til andstöðu Ísraelsstjórnar, sem óttast að Íranir muni samt koma sér upp kjarnorkuvopnum.

ÍRAN Íranir undirrituðu í Genf í gær samkomulag við nokkur stórveldi um takmarkanir á kjarnorkuáætlun sinni, sem torveldar þeim mjög að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Í staðinn er reiknað með að alþjóðlegum refsiaðgerðum gegn Íran verði aflétt að mestu.

Fulltrúar Bandaríkjanna, Rússa, Kínverja, Bretta, Frakka og Þjóðverja undirrituðu einnig samkomulagið, eftir fjögurra daga samningaviðræður í Genf. Þessi ríki hafa óttast að Íranir hafi á leynd ætlað sér að koma sér upp kjarnorkuvopnum, þrátt fyrir að þeir hafi jafnan haldið því fram að þeir ætli sér eingöngu að nota kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi.

Áhyggjurnar hafa einkum beinst að auðgun úrans, sem Íranir hafa stundað af miklu kappi undanfarin ár í tengslum við framleiðslu á kjarnorkuelsneyti. Þetta myndi hins vegar á endanum gera þeim kleift að framleiða nægilegt auðgáð úran til þess að það yrði nothæft í kjarnorkuvopni.

Hassan Rúhani, forseti Írans, segir að með samkomulaginu hafi réttur Írana til þess að auðga úran verið staðfestur, en Barack Obama Bandaríkjaforseti segir samkomu-

lagið koma í veg fyrir að þeir geti komið sér upp kjarnorkuvopnum.

Samkvæmt samkomulaginu hafa Íranir meðal annars fallist á að auðga úran ekki nema upp í fimm prósent, losa sig við allt úran sem hefur verið auðgað upp í 20 prósent og fjölga ekki þeim skilvindum sem notaðar eru til að auðga úran. Þá féllust þeir á að fresta framkvæmdum við Arak-kjarnorkuverið, en framleiðslu þar hefði fylgt að töluvert magn af plútóni yrði aukaafurð og það væri nothæft í framleiðslu kjarnorkuvopna.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sagði hins vegar samninginn vera „söguleg mistök“.

„Í dag gerðist það að veröldin varð hættulegri vegna þess að hættulegasta ríki heims náði að stíga mikilvægt skref í áttna til þess að útvega sér hættulegustu vopn í heimi,“ sagði hann á ríkisstjórnarfundum í gær.

Netanjahú hefur hvað eftir annað látið í ljós andstöðu sína við að samið yrði við Írani um kjarnorkuáætlun þeirra og sagt að Ísrael muni aldrei láta það viðgangast að Íranir komi sér upp kjarnorkuvopnum.

VILTU GOÐAN SVEFN?

RÝMUM FYRIR
NYJUM VÖRUM

ÓTRÚLEG VERÐ!

KING KOIL KING SIZE TILBOÐ!



PALMER KING
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 319.413 kr.

159.707 kr.

ADEINS
6
RÚM!

50%
AFSLÁTTUR!



SABÍNA KING
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 278.600 kr.

50%
AFSLÁTTUR!

139.300 kr.

ADEINS
5
RÚM!



ADEINS
8
RÚM!

DAKOTA KING
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 234.200 kr.

117.100 kr.

50%
AFSLÁTTUR!



SILVIA HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.

Verð nú
34.960 kr.

FÆST Í SVÖRTU,
HVÍTU OG BRÚNU



20%
AFSLÁTTUR!

rekkjan

H E I L S U R Ú M

Síld í Kolgrafafirði:

Röskur ráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra brást skjótt við og af festu þegar hann heyrði viðtal Heimis Más Péturssonar á Bylgjunni á föstudag við Pálma Stefánsson skipstjóra. Pálmi var á vettvangi og sagði Kolgrafafjörð kjaffullan af síld, hún væri komin undir brú þar sem ekki mátti veiða. Lýsingar Pálma vöktu ugg en í fyrra drápu þar samtals 52 þúsund tonn af síld. Sjávarútvegsráðherra gekk þegar í að gefa út reglugerð sem kveður á um að veiðar innan við brúna í Kolgrafafirði séu frjálsar.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Ákvörðunina rökstuddi ráðherrann einfaldlega á þann hátt að með þessu væri verið að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir umhverfis-slys. Auk þess vonaðist hann til að veiðarnar gætu orðið til að fæla síldina út aftur, úr

þeirri dauðagildru sem þarna virðist vera.

Í fréttum Stöðvar 2 um helgina var rætt við Bjarna Sigurbjörnsson, bónda á Eiði við Kolgrafafjörð, sem sagðist upplifa sig „í nafla alheimsins“. „Hérna eru risatogarar fyrir framan brúna og bátarnir fyrir innan og þótt það sé saklaust að horfa á þetta núna þá er þetta jafnsaklaust og í fyrra þegar við vöknudum hérna einn morguninn og fjörurnar voru þaktar síld.“

Ekki er komin í gang áætlun til að koma í veg fyrir að síldin drepist í firðinum. Að sögn Bjarna tekur nú við viðbragðsáætlun um hreinsun og björgun verðmæta, eins og það var orðað í fréttum okkar um helgina. Um áætlunina miklu sagði Bjarni að það tæki „allt svo langan tíma í kerfinu. Það hefði að sjálfsögðu átt að gera þetta í sumar en svo urðu ráðherraskipti og þess háttar. Við sitjum í þessum samráðshópi þar sem er verið að ræða þessi mál. Það væri alveg hægt að ráðast í einhverjar aðgerðir en spurningin er bara hvaða aðgerðir. Nú erum við að falla á tíma – síldin er komin.“

Heimamenn hafa sent frá sér viðvaranir allt þetta ár og í október skoraði bæjarráð Grundarfjarðar á Sigurð Inga að leyfa lokun Kolgrafafjarðar. Tæknilega hefði verið mögulegt að gera það en svo mikið inngríp þyrfti að fara í umhverfismat. Sigurður Ingi segist vera í sambandi við innanríkisráðherra og segir að í skoðun sé að rjúfa veginn til að koma á hringrás í firðinum.

„Hann spáir dauðalogni og blíðu, það er ekki gott,“ sagði Bjarni í viðtali á Vísi á föstudag en það eru svipuð skilyrði og mynduðust síðasta vetur þegar síldin drapst, fyrst í desember í fyrra og svo 1. febrúar. Til að setja 52 þúsund tonn af dauðri síld í samhengi, þá gaf sjávarútvegsráðherra smábátum 300 tonna viðbótarkvóta á síld nýverið og þótti ágætt.

Á svona dögum er mikilvægt að stjórnvöld séu ekki föst í viðjum þunglamalegs kerfis. Yfirvöld verða að vera í stakk búin til að geta tekið skjótar ákvarðanir. Því miður gerist það of sjaldan að það er eins afdráttarlaust tekið af skarið og á föstudag. Líklega verður af nógu að taka í stórum ákvörðunum næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GERSEMI

★★★★★
JYI / Fréttablaðið

★★★★★
RÁ / Pressan.is

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lygin stjórnarandstaða

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sakaði stjórnarandstöðuna um ítrekaðar lygar og ósannindi á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins um helgina. Hann varaði við að stjórnarandstaðan myndi beita þessum óþverrabrögðum í umræðum næstu vikna um skuldaniðurfellingartilögur ríkisstjórnarinnar. Ráðherrann sagði að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur af þessum slag, fremur bæri

að hlakka til. „Vegna þess að við vitum að boðskapur okkar er réttur, afstaða okkar er rétt,“ sagði Sigmundur Davíð. Framsóknarmenn þurfa því ekki að hafa áhyggjur af gagnrýni á næstunni, þeir geta brosað í kampinn sannfærðir um eigið ágæti.



Ruddar í borgarstjórn

Það er ekki alltaf gott eða gaman að sitja í borgarstjórn ef marka má orð fráfarandi borgarstjóra í sunnudagsþætti Gísla Marteins. „Samskipti eru oft ekki góð, þau eru oft leiðinleg. Þó fólk sé ekki sammála þá þarf það ekki að vera ruddalegt hvert við annað,“ sagði hann og bætti við að þetta væri ansi þreytandi. Jón Gnarr líkti þessu við að vera í leshring þar sem alltaf væri verið að tala um stafsetningu í stað þess að tala um sjálfa söguna.

johanna@frettabladid.is

HALLDÓR



Sóun orkuauðlinda

ORKUMÁL



Ólafur Teitur Guðnason
upplýsingafulltrúi
Rio Tinto Alcan á
Íslandi hf.

Jón Steinsson, dósent í hagfræði, hélt því nýverið fram í netpistli að aukin orkusala til álvera, fremur en um sæstreng fyrir fjórfalt hærra verð, fæli í sér sóun á orkuauðlindum þjóðarinnar. Af því að Jón beinir spjótum að orkusölu til álframleiðslu tel ég rétt að vekja athygli á tveimur atriðum, án þess að hér verði lagt nokkurt mat á fýsileika sæstrengs.

Fyrra atriðið er býsna augljóst en virðist þó þurfa að minna á, nefnilega að viðskiptavinurinn sem Jón vill snúa sér til, sæstrengurinn, er ekki til. Landsvirkjun telur að hann komi varla til sögunnar fyrr en eftir tíu ár eða svo, reynist yfirleitt fýsilegt að leggja hann, fáist erlendir aðilar til að fjármagna hann og aðrir óvissuþættir gangi upp.

Það væri dýrt að slá arðbær verkefni út af borðinu í heilan áratug á meðan þetta er athugað. Á meðan færi óvirkjað aflið í súginn sem töpuð tækifæri – glataður arður – því hér gildir vitaskuld annað en um endanlegar auðlindir á borð við námur eða olíulindir, sem alla jafna kostar ekkert að geyma til síðari tíma. Þennan fórnarkostnað, hinn tapaða arð, þyrfti Jón að taka með í reikninginn, það er ef það væri rétt hjá honum að valið stæði á milli sæstrengs og áliðnaðar. En svo er ekki.

Hér komum við nefnilega að síðara atriðinu sem bent skal á: Það má vel gera hvort tveggja. Á haustfundi Landsvirkjunar kom fram að ætla má að sæstrengur taki ekki til sín nema um 10 prósent af þeirri óvirkjuðu orku sem undir öðrum kringumstæðum yrði seld til iðnaðar. Með öðrum orðum: álver í dag er fjarri því að útiloka sæstreng seinna.

Rétt er að nefna að Jón dregur ekki í efa í grein sinni að aukin orkusala til áliðnaðar sé arðbær; hann telur aðeins að sæstrengur myndi gefa enn meira af sér (og vísar þar í ríkisstyrkt verð í Bretlandi). Hann lítur að vísu fram hjá því að álverin skiluðu þjóðarþúinu í fyrra litlum 60 milljörðum í gjaldeyrstekjur af öðru en orkukaupum (það er með kaupum á annarri vöru og þjónustu, launagreiðslum og opinberum gjöldum) en látum duga hér að áréttu að hann dregur ekki í efa að orkusalan sé arðbær þótt þessi ávinningur sé undanskilinn.

Tillaga Jóns er því sú, að gera ekki arðbæra orkusölusamninga í dag, heldur bíða og sjá hvort kannski megi gera enn betri samninga eftir áratug, um lítinn hluta orkunnar, enda þótt vel sé hægt að gera hvort tveggja.

Ég sé ekki betur en að þetta sé uppskrift að sóun.

Áfram, stelpur!

Þann 14. nóvember gerðist það í fyrsta sinn að kona sprengdi fyrir jarðgöngum á Íslandi, segir Vega-gerðin frá á vef sínum. Þetta eru tímamót í sögu íslensks byggingariðnaðar og eru skýr skilaboð um það að konur eigi fullt erindi í byggingarbransann. Þetta er þó ekki eina vísbendingin um að breyting sé að eiga sér stað innan raungreina á Íslandi.

MENNTAMÁL



Arnór Bragi Elvarsson
formaður Naglanna, félags umhverfis- og byggingarverkfræðinema við HÍ

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands stefnir að því að það verði jafnt hlutfall kynja sem stundi nám við sviðið. Enn frekar er ég stoltur af því að stunda nám við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild þar sem konur eru í meirihluta meðal nýnema. Ég ímynda mér því að framtíðin í byggingarbransanum sé björt þar sem bæði kyn munu fá að njóta sín. Þar að auki verða verkfræðistofur framtíðarinnar mjög góður vinnustaður til að vinna á ef marka má félagslífið í náminu.

Ég fagna því að fólk átti sig á því að verkfræði og raunvísindi eru jafnt fyrir karla og konur.

→ **Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands stefnir að því að það verði jafnt hlutfall kynja sem stundi nám við sviðið.**

Það er nefnilega vitlaust gefið

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Nokkuð klókt hjá forsætisráðherra að reyna að gera sig að talsmanni svokallaðrar millistéttar. Þar er fjöldafylgið. Við höfum upp til hópa þá sjálfmynd að við tilheyrum millistétt, en séum hvorki yfirstéttar-afætur né þvfallingar.

Millistétt – hvaða fólk er nú það?

Millistétt. Hvaða fólk er það eiginlega og hvaða hagsmuni hefur það? Það er nú það. Sum störf krefjast ekki langskólamenntunar en eru samt sérhæfð og krefjast þekkingar og eiginleika sem þykja eftirsóknarverðir – sjómannsstarfið til dæmis. Eru þeir millistétt? Eða kannski bara sérstök stétt? Marx hefði kallað þá öreigalyð, sem sýnir nú hversu mikið byggjandi er á honum ... Sjómenn eru sumir á forstjóra-launum, og flest erum við væntanlega á þeirri skoðun að þeir séu vel að því komnir.

Öllu verra gengur að borga langskólagengnu fólki þau laun sem því ber, hvernig sem á því stendur. Ísland er vellauðugt samfélag – en í hvað fara eiginlega allir peningarnir hér? Ekki í launagreiðslur til háskólagengins fólks, svo mikið er víst. Afleiðingin er sú að smám saman fækka slíku fólki. Það getur haft ískyggilegar afleiðingar fyrir

þjóðfélagið í heild.

Ríkisstjórnin hefur hingað til ekki haft sjáanlegar áhyggjur af þeirri þróun en virðist miða stefnu sína við það að vernda hagsmuni tiltekinnar hópa samfélagsins – bænda og útvegs- manna – á kostnað almennra lífskjara.

Þannig hefur ríkisstjórnin ákveðið að koma í veg fyrir að niðurstaða fáiast af aðildarviðræðum við ESB; við fáum ekki að vita hvað hugsanleg aðild tákna fyrir lífskjör á landinu, þótt flest bendi til þess að slík aðild með upptöku evru þýði lækkun vaxta, herra kaup, aukna verðmæta- sköpun, verðlækkun á matvöru og öðrum nauðsynjum. Í staðinn gefst okkur nú kostur á því að kaupa á uppsprengdu verði evrópska kjúklinga sem sagðir eru alíslenskir hugsjónakjúklingar. Hvort skyldi nú vera í þágu milli- stéttarinnar – að borða evrópskan kjúkling í íslenskum pakkningum (og borga fyrir þær ómælt fé) eða að fá að velja úr evrópskri matvöru sjálfur með tilheyrandi kennd um að búa ekki við algjöra einangrun?

Umfram allt myndi aðild að ESB hjálpa Íslendingum við að losna undan þeim gjaldeyrishöftum sem hét liggja eins og dauðinn sjálfur á öllu viðskiptalífi en verður ekki aflétt á meðan við búum við krónukrílið, nema með skelfilegum afleiðingum – óða- verðbólgu og hroðalegum gengis- fellingum, sem er ein eftirlætis- aðferð útgerðarmanna við að lækka kaupíð hjá öllum öðrum en sér – einkum þó millistétinni.

Vandséð er hvaða hag svokölluð millistétt á að hafa af áformum

framsóknarmanna í efnahags- málum, sem virðast snúast um að innleiða hér á ný efnahagsúrræði framsóknaráratugarins sem fólk á miðjum aldri man vonandi enn, og var ekki leyst úr þeim vand- ræðum fyrr en aðilar vinnumark- aðarins tóku efnahagsmálin af framsóknarmönnum með þjóðar- sáttinni.

Í stað raunhæfra úrræða eru viðraðir draumar um að gerast vel launaðir þjónar á Grænlandi fyrir kínversku alræðisstjórnina. Og finna olíu – hún bara hlýtur að finnast – hún hreinlega verður að finnast. Hægt að slá mikil lán út á þann fund. Fleira? Jú, að láta Seðlabankann prenta peninga til skuldaleiðréttinga, og stefna að afnámi verðtryggingar. Verð- tryggingin var vel að merkja eitt af því sem stöðvaði það tryllings- lega efnahagslíf sem einkenndi framsóknaráratuginn.

Úrræði forsætisráðherra eru með öðrum orðum þau að inn- leiða á ný framsóknaráratuginn. Kannski vilja margir þetta – en ekki blasir það nú beinlínis við að það sé í þágu íslenskrar milli- stéttar.

Hér er nóg vinna

Formaður fjárlaganefndar og helsti talsmaður ríkisstjórnar- innar í efnahagsmálum, Vigdís Hauksdóttir, blandaði sér um daginn í umræður um slæmar heimtur á ungum læknum og stakk upp á því að komið yrði á fót læknanámi á Akureyri (þar sem það hefur reyndar verið um árabil, sem sýnir þá umhugsun sem býr að baki ummælunum) og í öðru lagi að þeir læknaðir sem ekki snú aftur heim heldur setj-

Spurðu ekki hvað landið getur gert fyrir þig. Spurðu heldur hvað þú getur gert fyrir útgerðarmennina.

ist að erlendis verði látnir finna fyrir svikum sínum með hærri og stífari endurgreiðslum á náms- lánum. Því ekki það? Þeir finna reyndar tæpast fyrir því, svo miklu betri laun fá þeir erlendis, í alvöru gjaldmiðli, í alvöru efnahagsumhverfi.

En við löðum ekki fólk að okkur með því að refsa því. Lausnin á vandanum er ekki sú að gnísta tönnum og heimta hrað- ari endurgreiðslur heldur hin að skapa hér samfélag þar sem ungt og vel menntað fólk getur hugs- að sér að lifa og starfa og vera til; enda er það héðan og Ísland eðlilegur kostur þegar fólk veltir fyrir sér búsetu. Það gerum við með fjölbreyttum atvinnu- háttum, fjölbreyttu og skemmti- legu menningarlífi (sem kostar), sérhæfingu. Annars breyttist Ísland í eitt af þessum plássum sem maður sá stundum viðtöl úr í seinni fréttum sjónvarpsins í gamla daga þar sem einhver kall var að tala um góðar gæftir en alltof fátt fólk til að vinna fiskinn og sagði algerlega yfirkominn af hneykslun og undrun: Hér er nóg vinna ...

Það þarf að hætta að senda okkur, íbúum landsins, þessi skilaboð: Spurðu ekki hvað landið getur gert fyrir þig. Spurðu heldur hvað þú getur gert fyrir útgerðarmennina.



ALMAGNAGJÁ Sýn Hreins Guðmundssonar á framtíð Almagnagjár.
MYND/HREINN GUÐMUNDSSON

Almannagjá – Gálgahraun

Á síðustu vikum hefur dregið til tíðinda í umhverfismálum landsins. Baráttan um Gálgahraun í Garðabæ kemur til með að marka djúp spor í náttúruverndarsögu Íslands. Undirrituð var í fremstu víglínu þegar lögreglan handsamaði og setti í einangrun, þann 21. október sl., níu Hraunavini en fyrr um morguninn hafði hún ekið með tugi Hraunavina á lögreglustöðina í Rvík., boðið þeim sektarsátt (10 þús., sem enginn þáði) og sleppt síðan. Númenn- ingarnir, handteknir í annað sinn, voru beittir ótrúlegu harðræði af lögreglumönnum. Myndir af þeim misþyrmingum verða lagðar til grundvallar kærnum sem lögmenn Hraunavina eru með í vinnslu.

UMHVERFIS- MÁL



Sesselja Guðmundsdóttir
félagsliði í Mos- fellsbæ

eru í brúargólfið en á milli þeirra er strengt net.“ Nú í nóv. féll grjót úr berg- vegg Almagnagjár niður á göngustíginn fyrir neðan brúargólfið og var lögregl- unni tilkynnt um sem og sérfræðingum Ofanflóða- seturs Væðurstofunnar.

Lögreglunni var líka til- kynnt um spjöllin á Gálgahrauni þann 21. okt. en þar voru Hraunavinir óðara handteknir og settir í ein- angrun.

Náttúruspjöll stjórnar Garðabæjar verða ólíkt meiri en þau sem náttúruöflin (og menn) hafa unnið á Almagnagjá á árunum 2011-2013. Öryggisráðstafanir Garðabæjar til verndar mannfólki með nýrri vegarlagningu um friðlýst Gálgahraunið vísa beint til manngerðar framtíðar Almagnagjár á Þingvöllum, eins og málverkið sýnir: Veggir gjárinna steypir upp (eða álgerðir), álrör lagt eftir endilangri gjánni með rúnnuðum útgöngu- um sem og plastgluggum. Vegfar- endur geta ýmist skroppið út úr rörinu eða tölt um það í skjóli fyrir veðrum og litið út um gluggana – svona í framhjággöngu.

Óafturkræfar náttúruskemmdir hafa verið unnar í friðuðu Gálgahrauni. Hvað um framtíð Almagnagjár á Þingvöllum?

JEPPAR Í GÓÐU ÚRVALI

Vertu með!

Vel búinn og tilbúinn í veturinn með þér

Tilboð: 3.490.000 kr.
Ford Escape Limited AWD EEE32
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km.
Ásett verð: 3.790.000 kr.

FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna **400.000 KR.** GJAFABRÉF FRÁ WOW^{air}*

Hvert myndir þú fara?

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS

Flottur, sparneyttinn og fjór hjóladrífinn

Verð: 4.980.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD OBB17
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 33.000 km.
Ásett verð: 5.250.000 kr. í ábyrgð

7 manna dísiljeppi með krók

Tilboð: 2.190.000 kr.
Mitsubishi Pajero GLX 4x4 ZY404
Skráður júlí 2005, 3,2 dísil, sjálfskiptur
Ekinn 188.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.

Skoðuðu úrvalið á **NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umbodssöðubíla.



Öruggur staður til að vera á

MERKISATBURÐIR 25. NÓVEMBER

- 1487** - Elísabet af Jórvík er krýnd Englandsdrottning.
- 1783** - Síðustu bresku hersveitirnar yfirgefa New York-borg í bandaríska frelsisstríðinu.
- 1795** - Stanislas Ágúst Poniatowski, síðasti konungur sjálfstæðs Póllands, flýr í útlegð til Rússlands.
- 1902** - Fyrsti vélbáturinn á Íslandi, Stanley, er sjósettur.
- 1926** - 27 fellibyljir herja á Bandaríkin á þakkargjörðardag.
- 1975** - Súrínam fær sjálfstæði frá Hollandi.
- 1984** - Hljómsveitin Band Aid, fyrir tilstilli Bobs Geldof, tekur upp jólagagið „Do they know it's Christmas“ til að safna pening vegna hungursneyðar í Eþíópíu.
- 2005** - Norðurírski knattspyrnumaðurinn George Best deyr eftir löng veikindi.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og bróðir,

LÁRENTSÍNUS GUNNLEIFSSON

er látinn. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

Unnur Árnadóttir
Árni Þór Lárentsinusson
Ragnhildur Dröfn
Khadija Ósk
Sara Kristín
Gunnar Lárent
bræður og aðrir aðstandendur.



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

BJARNI GESTSSON Grænumýri 17, Akureyri,

lést þann 19. nóvember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 29. nóvember kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ester Kristjánsdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamamma
og amma,

MARGRÉT LAUFEY INGIMUNDARDÓTTIR áður Fells múla 20 og Eiðismýri 30, Hjúkrunarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Höfða, Akranesi, mánudaginn 18. nóvember. Útför hennar fer fram frá Nes Kirkju þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

Sigurður H. Einarsson Hrafnhildur Stella Sigurðardóttir
Ævar Þór Sigurðsson
Salka Margrét Sigurðardóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma, dóttir, systir og mágkona,

LINDA KONRÁÐSDÓTTIR Seljabraut 82, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 13. nóvember, verður jarðsungen frá Háteigskirkju þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Magnús Valdimarsson Hákon Viðir Haraldsson
Sara Barðdal Þórisdóttir Edda Gunnarsdóttir
Alexander Úlfur Hákonarson Sigrún Bjarnadóttir
Konráð Adolphsson Inga Lóa Bjarnadóttir
Hilmar Konráðsson
Bergur Konráðsson



PETTA GERÐIST: 25. NÓVEMBER 1844

Faðir bílsins fæddist

Karl Friedrich Benz, stofnandi bílaframleiðandans Mercedes-Benz, fæddist þennan dag árið 1844. Benz var þýskur verkfræðingur sem er af mörgum talinn hafa fyrstur fundið upp bílinn. Hann ætlaði upphaflega að læra lásasmíði en sneri sér á unglingsárum að vélaverkfræði, sem faðir hans hafði starfað við. Hann fékk einkaleyfi að fyrstu bifreið sinni árið 1886 og tveimur árum síðar hlaut hann fyrsta ökuskírteini sögunnar. Bílar hans hlutu nafnið Mercedes-Benz árið 1926, en Mercedes var nafn dóttur eins af verkfræðingum hans. Benz lést á heimili sínu árið 1929.



KARL BENZ Vélaverkfræðingurinn fæddist á þessum degi árið 1844.



GUÐBJARTUR Tónleikahaldarinn segir að tónleikagestir eigi von á góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

„Petta verður svona Best of Dire Straits“

Fyrirverandi meðlimir Dire Straits spila gömlu smellina í tónlistarhúsinu Hörpu í kvöld.

Hljómsveitin The Straits mun leika vinsælustu lög bresku rokkaranna í Dire Straits þegar hún stígur á svið í Eldborgarsal Hörpu klukkan átta í kvöld. Sveitina skipa tveir fyrirverandi meðlimir Dire Straits, þeir Alan Clark hljómborðsleikari og Chris White saxófónleikari, ásamt vel völdu liði tónlistarmanna.

„Petta verður náttúrulega bara svona „Best of Dire Straits“,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. Hann segir að meira að segja Mark Knopfler, söngvari og gítarleikari upprunalegu hljómsveitarinnar, taki ekki nema 3 til 4 Dire Straits-slagara á tónleikum í dag. The Straits spili hins vegar bara vinsælustu smellina án frekari málalenginga.

Sem fyrr segir er The Straits skipuð einvaliði hljóðfæraleikara. Meðlimir sveitarinnar hafa meðal annars leikið undir hjá stórstjörnum á borð við David Bowie, Paul McCartney og Tinu Turner. Að sögn Guðbjarts verður nafni trymbils sveitarinnar, Steve Ferrone, bætt við á götuna Hollywood Walk of Fame nú í desember. Ferrone þessi er þekktastur fyrir að leika með bandaríska rokkaranum Tom Petty.

Míðasala hefur gengið vel og að sögn Guðbjarts eru aðeins um 20 miðar eftir.



MARK KNOPFLER Fyrirverandi gítarleikari og söngvari Dire Straits verður fjarri góðu gamni.

„Ég vonaðist til þess að það gengi vel en þetta kom svolítið á óvart,“ segir hann. „Sérstaklega þegar svo mikið annað er í gangi, jólatónleikar og fleira. Petta segir bara að lög Dire Straits eiga sér sess í hjörtum landsmanna.“

Tónleikar The Straits hafa hlotið góðar undirtektir gagnrýnenda síðan þeir White og Clark tóku saman höndum fyrir tveimur árum til að spila í Royal Albert Hall í London.

„Miðað við þau viðbrögð sem ég

hef séð má lofa mjög góðum tónleikum,“ segir Guðbjartur. „Það sem stendur helst upp úr dómum er hvað þeir virðast hafa gaman af þessu sjálfir.“

Dire Straits var stofnuð árið 1977 og lagði endanlega upp laupana árið 1995. Í millitíðinni gaf sveitin út sex breiðskífur sem selst hafa í rúmlega 120 milljónum eintaka. Meðal vinsælustu smella hennar má nefna Romeo and Juliet, Money for Nothing, Walk of Life og Sultans of Swing.

-bá

Haustútsala
20-30% afsláttur

Granithöllin
Legsteinar

Bæjarhrouni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

ZIG ZAG

Gerrit Rietveld hannaði Zig Zag-stólinn árið 1934. Stóllinn er búinn til úr fjórum viðarbútum sem mynda stafinn Z. Stóllinn er nú framleiddur af Cassina S.p.A.



MABEF

25% afsláttur af öllum málaratrönum til jóla.

Basic Studio M09
Verð : 34.205.-



Verð nú: 25.654.-
Með 25% afslætti

Basic Lyre M13
Verð : 19.770.-



Verð nú: 14.828.-
Með 25% afslætti

LISTALAGERINN
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 908. www.jarngler.is

HÆTTULEGASTI TÍMI ÁRSINS

LSS KYNNIR Árlegt eldvarnarátak slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er hafið. Markvisst fornvannarstarf fer nú fram í öllum skólum landsins.

Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir að heimsóttir verði allir þriðju bekkir í grunnskólum landsins í þessari viku. „Það eru um 4.300 nemendur sem fá slökkviliðsmenn í heimsókn sem kynna þeim eldvarnar-á heimilum, reykskynjara, eldvarnatoppi, slökkvitæki og flóttaleiðir. Jafnframt fá þau bókina „Brennuvargur“ og svara eldvarnagetraun úr henni. Hluti átaksins er að sýna krökkunum slökkviliðsmann í fullum búningi og með reykköfunarbúnað til að þeir hræðist hann ekki ef til eldsvoða kæmi,“ segir Valdimar Leó.

„Þetta hefur verið gert árlega í 22 ár. Á þeim tíma höfum við frætt yfir eitt hundrað þúsund nemendur,“ segir hann enn fremur og bætir við að sala á reykskynjurum aukist alltaf mikið í kjölfarið. „Krakkarnir hafa áhrif heima.“

Markmiðið með eldvarnaátaki LSS í nóvember er að lágmarkseldvarnarir séu á hverju heimili svo koma meg í veg fyrir ótímabært tjón, slys eða dauðsföll. „Átakið fer fram síðustu vikuna í nóvember til að minna á þær hættur sem geta stafað frá kertum og rafmagni í desember. Þetta er hættulegasti tími ársins. Kerti og kertaskreytingar eru algengasta orsök þess að eldur komi upp auk rafmagns. Fólk hefur tilhneigingu til að setja of margar jólaserjur á einn tengil. Við minnum krakkana á að það þarf að athuga rafhlöður í reykskynjaranum og þau fara með skilaboðin heim til foreldra sinna,“ segir Valdimar Leó.

Átakið hófst í Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ á fimmtudag en þar fræddu slökkviliðsmenn hjá Brunavörn-um Suðurnesja, auk Sigurðar Inga Jóhannssonar umhverfisráðherra, börnin um eldvarnar á heimilum. Auk þess sem sýnt var hvernig eldur er slökktur. „Við hvetjum til þess að reykskynjari sé í



öllum opnum rýmum á heimilum. Síðan er nauðsynlegt að eiga eldvarnatoppi og að láta yfirfara slökkvitæki. Fjölskyldan þarf auk þess að ræða hentugar flóttaleiðir ef eldur kemur upp. Einnig minnum við á neyðarnúmerið 112,“ segir Valdimar og bendir á að reykskynjarinn sé öflugasta eldvarnataekið.

Valdimar segir að oft sé kæruleysi orsök bruna. „Samkvæmt Gallup-könnun LSS og Eldvarnabandalagsins vantar helst reykskynjara og önnur eldvarnatæki í leiguíbúðir, það er mikið áhyggjuefni því þar býr unga fólki með börnin,“ segir Valdimar Leó. „Einnig kom fram í könnuninni að á sumum heimilum væri til reykskynjari sem hefði aldrei verið settur upp.“

Átakið er samstarfsverkefni Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, slökkviliðanna og skóla. Stærstu styrktaraðilar eru TM, Mannvirkjastofnun, Brunabótafélag Íslands, Neyðarlínan og Rio Tinto Alcan.

BRENNUVARGUR

Valdimar Leó Friðriksson með bókina sem nemendur þriðja bekkjar grunnskóla fá frá slökkviliðsmönnum. MYND/GVA

ÁHYGGJUEFNI

„Samkvæmt Gallup-könnun LSS og Eldvarnabandalagsins vantar helst reykskynjara og önnur eldvarnatæki í leiguíbúðir, það er mikið áhyggjuefni því þar býr unga fólki með börnin.“

TUDOR RAFGEYMAR



Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

TUDOR SKORRI TUDOR
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Jólagjafirnar í ár...



20% afsl.

IQ-CARE - Heilsukoddinn
Verð nú kr. 11.920.-



Saga / Freyja heilsudýnur
á frábæru verði



Rafdrifnir hægindastólar
Verð kr. 219.900.-
Rafdrifnir hægindastóllar
Verð kr. 119.900.-

REVERIE 3E Essential með IQ heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 499.900.-



Vönduð stillanleg
heilsurúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu
Reverie

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*



20% afsl.

Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð nú kr. 15.920.-



20% afsl.

Hágæða sængurverasett
Mikið úrval



Vandaðir sloppar
dömu/herra



Cabletree & Exchyn



Mikið úrval

Sængur, koddar, lök
og hlífðardýnur

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

VIÐURKENNING FYRIR DOPPUR

ÍSLENSK HÖNNUN Kristín Sigfríður Garðarsdóttir keramikhönnuður hlaut viðurkenningu Handverks og hönnunar fyrir verk sitt Doppur. Í línunni endurvinnur Kristín hluti og gefur nýtt líf.

Viðurkenningin kom mér skemmtilega á óvart og var mjög uppörvandi,“ segir Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, keramikhönnuður en hún hlaut viðurkenningu Handverks og hönnunar nú í nóvember fyrir verk sitt Doppur.

„Í línunni er ég að endurvinnna hluti en það hefur mér alltaf þótt spennandi nálgun. Ég hafði samt aldrei gefið mér tíma til þess og í raun getur það verið flóknari vinna en það sem maður er vanur að gera á vinnustofunni. Það getur jafnvel verið dýrara þegar upp er staðið. Efnin eru dýr og sandblásturinn líka og svo brenni ég hlutina aftur. En þetta er ofsalega skemmtileg vinna og góð tilbreyting við það sem maður er annars vanur að fást við,“ segir Kristín.

„Það spretta svo margar hugmyndir upp þegar maður vinnur hlutina á þennan hátt. Ég er líka viss um að á næstu árum verður krafan um endurvinnslu meiri,“ segir Kristín en hún notaði gamalt leirtau og krukku í línuna.

„Ég vildi miklu frekar nota hversdagslega hluti í verkefnið en var ekki að sækjast eftir mávastelli eða slíku. Mér fannst sjarmerandi að þetta væri samtíningur. Á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu urðu sumir hissa á að sjá krukku undan



rauðkáli endurnýttar, en yfirleitt varð fólk hrifvið. Það eru svo margir orðnir meðvitaðir um nauðsyn þess að endurnýta hluti,“ segir Kristín.

Línan Doppur samanstendur af krúsum og flöskum og fylgidisk-

um við. Munstrið á diskunum ber formið af þeirri krús eða flösku sem passar við. Framleiðslan er á byrjunarstigi en munirnir eru væntanlegir á markaðinn innan skamms. Kristín verður með opna vinnu-

stofu í Stúdíó Subbu dagana 31. nóvember og 1. desember milli klukkan 13 og 17 í Hamraborg í Kópavogi.

Nánar má forvitnast um hönnun Kristínar á www.subba.is.



KOM SKEMMTILEGA Á ÓVART Kristín Sigfríður Garðarsdóttir keramikhönnuður hlaut viðurkenningu Handverks og hönnunar í nóvember.

SAMTÍNINGUR Kristín endurnýttir gamalt leirtau í línunni, krukku, krúsir og flöskur. Hún segir endurnýtingu vera það sem koma skal.

MYND/ÚR EINKASAFNI

JÓLAHLAÐBORD Á AÐEINS 1.990 KR.!

SJÁVARBARINN KYNNIR

Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum, hefur sett saman einstaklega girnilegt hlaðborð fyrir hópa og fyrirtæki sem er upplagt í jólagleðina á vinnustaðnum, í veislusal eða heima. „Þetta er einfalt og ódýrt jólahlaðborð en á því eru bæði heitir og kaldir klassískir réttir og verð á mann er aðeins 1.990 krónur,“ segir Magnús Ingi. „Á borðinu eru karrísild og rauðrófusild, sjávarréttafantasía, purusteik, hangikjöt og kjúklingur. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat, kaldar sósur og úrval af brauði.“ Lágmarksfjöldi er 10 manns en allar nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, sjarvarbarinn.is.



ARGENTÍNSKUR MEISTARAKOKKUR

TAPASBARINN KYNNIR Veitingastaðurinn Tapasbarinn hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár enda býður hann upp á góðan mat og frábæra stemningu.

Undanfarin tvö og hálf ár hefur argentínski matreiðslumaðurinn Carlos Horacio Gimenez starfað sem yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Tapasbarnum í Reykjavík. Carlos hefur starfað víða um heim undanfarin ár en hann er menntaður matreiðslumaður frá einum besta matreiðsluskóla Suður-Ameríku. Eftir útskrift hóf hann störf hjá matreiðslumanninum Ferran Adrià sem er eigandi og yfirmatreiðslumaður á hinum fræga veitingastað El Bulli á Spáni. „Seinna meir hóf ég störf í sænska sendiráðinu í Argentínu en eftir að sendiherrann þar flutti til Íslands og hóf störf í sænska sendiráðinu hér á landi var mér boðið að koma með. Fyrst ætlaði ég að stoppa hér á landi í nokkra mánuði en nú hef ég starfað á Tapasbarnum í tvö og hálf ár, kynnst íslenski konu og við eigum saman eitt barn.“ Auk þess hefur Carlos starfað í Danmörku, á Spáni og í fjölda landa í Suður-Ameríku.

Veitingastaðurinn Tapasbarinn hefur verið starfræktur í Reykjavík í mörg ár og fyrir löngu fest sig í sessi sem einn besti og skemmtilegasti veitingastaður borgarinnar. Staðurinn þykir sérstaklega skemmtilegur heim að sækja og koma gjarnan vinnufélagar og vinahópar þangað saman. Tapasbarinn býður upp á fjölbreyttan matseðil sem inniheldur yfir 70 tapasrétti auk gömsætra fiski- og kjötrétta. „Það er alltaf skemmtileg stemning þegar tapasréttir eru borðaðir. Þá koma gjarnan fjölskyldur og vinahópar saman og fá yfirleitt marga



litla diska sem innihalda ólíka tapasrétti.“ Hann segir viðskiptavinum ekki eingöngu koma til að njóta veitinganna. „Að borða tapas snýst líka mikið um félagsskapinn, að borða góðan mat með góðu fólki og njóta augnabliksins. Enda gerum við mikið úr því að skapa suðræna stemningu og notalegt andrúmsloft hér.“

Tapasbarinn er staðsettur við Vesturgötu 3b í miðbæ Reykjavíkur. Nánari upplýsingar má finna á www.tapas.is.

ARGENTÍNSKIR STRAUMAR Carlos Horacio Gimenez hefur starfað á Tapasbarnum í tvö og hálf ár.

MYND/DANIEL

2
FYRIR
1

af fiski og frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.990 kr. fyrir tvo.

Gildir til 31.12.2013. Sjarvarbarinn.is s: 517-3131

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447



VINSÆLL RÉTTUR Hægelduð svínasiða með rauðkáli og fjallagrasasósu.

MYND/DANIEL

heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðstaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Einbýli við Þingvað

Fasteignasalan Bær kynnir:

Fallegt einbýli við Þingvað í Norðlingaholti. Húsið er á einni hæð og er 252 fm að stærð, þar af er bílskúr 34 fm.

Fallegt og rúmgott einbýlishús á einni hæð við Þingvað. Gott aðgengi að húsinu, stór sólpallur og lóð er frágengin. Góð staðsetning og stutt í stórkostlega náttúru. Góður skóli og leikskólar eru í hverfinu.

Í húsinu eru sérsmíðaðar innréttingar. Frágangur, allt skipulag og efnisval er vandað. Stórt, hellulagt og upphitað bílaplan sem rúmar nokkra bíla. Stór afgirt timburverönd með/án gróðurhúss og steypur veggur sem afmarkar veröndina. Húsið samanstendur af forstofu, stofu, borðstofu, eldhúsi, fjórum svefnherbergjum, þvottahúsi og bílskúr. Gólfefni er eikarparkett og gólfhiti er í öllu húsinu, Danfoss-stýrikerfi. Flísar eru á forstofu, baðherbergjum og þvottahúsi og



Fallegt hús til sölu þar sem stutt er út í óspilla náttúru.

epoxy á bílskúr. Sérhönnuð lýsing er í stofu, eldhúsi og á göngum. Góð lofthæð er í stofu og eldhúsi.

Komið er inn í stóra og opna forstofu sem er með góðum fata-skáp úr eik. Forstofuherbergið er rúmgott. Innan við forstofu er falleg stofa og borðstofa í einu flæði sem er með stórum pluggum. Eldhúsið er stórt og opið með stórra sérsmíðaðri innréttingu frá Fagus. Vönduð eldhústæki. Eldhúsið er opið inn í stofu/borðstofu sem myndar skemmtilegt flæði. Úr borðstofu er gengið út á stóra timburverönd.



Á svefnherbergisgangi eru þrjú svefnherbergi, tvö þeirra með góðum eikarfata-skápum. Inn af hjónaherberginu er fataherbergi og rúmgott baðherbergi með sturtu. Þvottahúsið er með góðri hvítlakkaðri innréttingu og þaðan er gengið út á hellulagða verönd. Verð er 69,9 milljónir.
Nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurfinnsson, löggiltur fasteignasali, snorri@fasteignasalan.is og í síma 864-8090.



Fyrirtækjasala

- Blikksmiðja með eða án húsnæðis
- Netagerð
- 2 sérvörverslanir í stórra verslunarmiðstöð
- Grillkjúklingastaður með vínveitingaleyfi
- Iðnhönnunarfyrirtæki með verslun og heimasíðu

VANTAR ÞIG VINNU?

- Ísbúð m/einkaleyfi í verslunarkjarna (auðveld kaup)
- Netverslun með kvennfatnað og fylgihluti
- Lítið prentfyrirtæki með eða án húsnæðis

VANTAR 2-3ja herb íbúð í pnr 112 eða Kópavogi

Sími 659 2555

oskar@fasteignasalan.is
Óskar Thorberg fyrirtækjaráðgjafi

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

Þinghólsbraut 52 - 200 Kópavogur



Laus strax

Opið hús í dag mánudag frá kl. 12:00 til 12:30

214,2 m² einbýlishús á þremur þöllum ásamt bílskúr við Þinghólsbraut 52 í Kópavogi. Í húsinu eru fimm svefnherbergi. tvær stofur, eldhús, garðstofa, baðherbergi, salerni, þvottahús og geymsla. Timburverönd og gróinn garður. Eignin þarfnast viðhalds. V. 39,9 m.

Nýtt á skrá

Funalind 1 - 200 Kópavogur



Laus strax

Falleg 92,3 m², 3ja herbergja íbúð á 5. hæð í sex hæða lyftuhúsi með fall-egu útsýni með yfirbyggðum svölum við Funalind 1 í Kópavogi. Íbúðin skiptist forstofu, góða stofu, gang, eldhús með borðkrók, stórt hjónaherbergi, barnaherbergi, baðherbergi með sturtuklefa og sér þvottahús ásamt geymslu í kjallara. V. 26,5 m.

Nýtt á skrá

Þorlaksgeisli 52 - 113 Reykjavík



209,7 m² parhús á tveimur hæðum á fallegum stað við Þorlaksgeisla 52 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi m/sturtu, þvottahús og bílskúr á neðri hæð og stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi m/sturtu og baðkari á efri hæð. V. 49,9 m.

Perlukór 3E - 203 Kópavogur



Glæsileg og vel skipulögð 150,4 m², 5 herbergja íbúð á jarðhæð með sér garði og staði í bílageymslu við Perlukór 3E í Kópavogi. Tvö baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Einungis ein íbúð er á jarðhæðinni og tvær á efri hæð. V. 42,5 m.

Vindakór 9-11 - 203 Kópavogur



Laus strax

Falleg 113,7 m², 4ra herb. íbúð á efstuhæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í 4ra hæða lyftuhúsi. V. 31,9 m.

Krókháls 5 - 110 Reykjavík



Nýtt á skrá

Laus strax

Gott 249,9 m² atvinnuhúsnæði á 2. hæð. Mikið af bílastæðum. Fin aðkoma er að húsinu. Hæðin er öll hin snyrtilegasta. Linolium dúkur er á gólfum. V. 29,9 m.

Litlikríki 12 - 270 Mosfellsbær



Laus strax

Fallegt 278,1 m² radhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. 5 svefnherbergi og tvö baðherbergi. Flottar innréttingar og gólfefni. V. 49,7 m.

Völuteigur 6 - 270 Mosfellsbær



Laus strax

259,9 m² atvinnuhúsnæði við Völuteig 6 í Mosfellsbæ. Eining merkt 01-26, sem skiptist í 136,0 m² jarðhæð og 123,9 m² milliloft hæð. Skemmtileg eign sem býður upp á mikla möguleika. Lóð er malbikuð. V. 21,5 m.

Prastarhöfði 6 - 270 Mosfellsbæ



Falleg 116,3 m², 4-5 herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði og bílastæði í bílakjallara við Prastarhöfða 6. Mögulegt að setja upp svefnherbergi úr hluta af stofu. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara. V. 33,9 m.

Steinás 12 - 210 Garðabær



Laus strax

Fallegt og vel skipulagt 144,5 m² einbýlishús ásamt 50 m² bílskúr við Steinás 12 í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi. Góður garður. V. 54,9 m.

Þorlaksgeisli 3 - 113 Reykjavík



Mjög rúmgóð og falleg 127,1 m², 4ra herbergja endaiðbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Þorlaksgeisla 3 í Grafarholti. Eigninni fylgir bílastæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, forstofu, hol, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir einnig sérgeymsla á jarðhæð. V. 34,9 m.



Jón Guðmundsson
Lógg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lógg. fasteignasali
grj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinhórsón
Lógg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lógg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sökumaður
gisl@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lógg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Njálsgata- Reykjavík.



Stórglæsileg eign í "gamla stílum" fyrir vandláta kaupendur.

Stórglæsilegt u.þ.b. 300 fm. einbýlishús á þremur hæðum, að meðt. 31,5 fm. bílskúr, á stórrí og fallegri lóð á frábærum stað í miðborginni. Um er að ræða eldra hús, ca. 80 fm., sem var endurbýgt frá a-ö á sama tíma og byggðir voru ca. 185,5 fm. við húsið á árunum 2004 - 2005. Framhúsið er á tveimur hæðum, en nýbyggingin stendur innar í lóðinni og er á þremur hæðum. Eignirnar eru tengdar saman með tengibyggingu og innangengt er í bílskúr úr nýbyggingu. Stórglæsileg lóð með afgirtum stórum veröndum með skjólveggjum og heitum potti. Viðarstígar á lóð og mól auk stórrar viðarverandar með markísu yfir.

Verð 89,0 millj.

Kirkjusandur. Glæsileg íbúð á efstu hæð.



Glæsileg 205,2 fm. lúxusíbúð á efstu hæð "pent-houseíbúð" auk 10,4 fm. sér geymslu í kjallara og tveggja sér stæða í bílageymslu. Íbúðin er með tvennum yfirbyggðum svölum og óviðjafnanlegu útsýni yfir borgina, út á sjóinn, til fjalla og víðar. Íbúðin er innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta með miklum sérsníðuðum innréttingum. Mikil lofthæð er í allri íbúðinni eða 3,5 metrar. Hús að utan og sameign eru í mjög góðu ástandi.

Verð 79,5 millj.

Skógivaxið eignarland í nágrenni Reykjavíkur.

LANDIÐ ER 2,5 HA. AÐ STÆRÐ, AFGIRT.

MÖGULEGT ER AÐ BYGGJA
TVÖ FRÍSTUNDAHÚS Á LANDINU.

EINSTÖK NÁTTÚRUPERLA Í FALLEGU UMhverfi.

4RA- 6 HERBERGJA



PÍNGHÓLTSSTRÆTI. EFRI HÆÐ.

- Glæsileg 98,9 fm. efri hæð á frábærum stað í Pínghóltunum.
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum.
- Mikil lofthæð og rósettur í loftum. Lökkuð furugólfborð.
- Stórar svalir til suðvesturs.
- Hús nýlega málað að utan.

39,9 millj.

SÉRBÝLI



VIÐARÁS- REYKJAVÍK.

- Vandað 192,8 fm. tvílyft raðhús með 236,6 fm. innb. bílskúr.
- Björt stofa með góðri lofthæð. Þrjú svefnherbergi.
- Falleg ræktuð lóð með timburverönd.
- Frábær staðsetning í Selásnum.

48,5 millj.

Eldri borgarar



SKÚLAGATA, RVK. 4RA HERBERGJA

- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á efstu hæð, mikil lofthæð.
- Innangengt í lyftu frá sér bílastæði í bílageymslu.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa. 2 herbergi.
- Austursvalir. Hús nýendurnýjað að utan.

44,5 millj.

3JA HERBERGJA



KÓPAVOGSBRAUT- NEÐRI SÉRHÆÐ.

- Glæsileg 134,0 fm. neðri sérhæð í nýlegu fjórþýlishúsi.
- Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsi og baðherbergi.
- Skjólgóð verönd til suðurs. Sjávarútsýni.
- Húsið klætt með flisum. Harðviðarúthúróir.

39,0 millj.



HULDUBORGIR- 4RA HERBERGJA

- Mjög björt 4ra herb 104,4 fm. endalíbúð á efstu hæð.
- Gluggar á þrjú vegu. Suðursvalir. Sjávarútsýni.
- Fallegar vandaðar samstæðar innréttingar.
- Fallegt og óbyggt svæði til suðurs.

28,5 millj.



NÖNNUSTÍGUR – HAFNARFIRÐI.

- Mjög glæsilegt 143,7 fm. tvílyft einbýlishús, góðar verandir
- Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum.
- Frábær staðsetning í gamla bænum í Hafnarfirði.
- Góðar verandir, sér bílastæði og matjurtargarður.

36,9 millj.

2JA HERBERGJA



BOÐARÞING- KÓPAVOGI.

- Mjög góð 87,2 fm. íbúð á 3. hæð í nýju fjölþýlishúsi.
- Vandaðar innréttingar. Granít borðplötur og sólbekkir.
- Eign í fallegu umhverfi við Elliðaavatn. Stutt í golf og sund.
- Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning.

28,5 millj.



STAÐARHVATN – HAFNARFIRÐI.

- Glæsileg 123,4 fm íbúð á 1 hæð (jarðhæð) í fjölþýli
- Eignin var öll endurnýjuð í sumar á smekklegan hátt.
- Fallegar vandaðar og samstæðar eikarinnréttingar.
- Íbúð sem vert er að skoða.

29,9 millj.



ÁLFTAHLÓLAR – RVK. 4RA HERBERGJA.

- Góð 108,6 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. geymslu í kjallara.
- Rúmgóð stofa með útgangi á suðursvalir.
- Þrjú herbergi. Lyfta.
- Íbúðinni fylgir 29,6 fermetra bílskúr.

25,9 millj.



LAUGARÁSVEGUR – REYKJAVÍK.

- 200,0 fm. tvílyft parhús að meðt. 22,2 fm. innb. bílskúr.
- Sofa og borðstofa, aukin lofthæð. Fallegur arinn í stofu.
- Flísalagðar svalir til suðurs. Hellulögð verönd.
- Frábær staðsetning. Laust fljótlega.

65,0 millj.



BAKKAHJALLI

Bakkahjalli- Suðurhlíðar Kópavogs

Glæsilegt 249,8 fm. parhús á tveimur hæðum með 26,0 fm. innbyggðum bílskúr á útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs. Mikil útsýnis nýtur frá eigninni yfir dalinn og til suðurs. Rúmgóðar stofur/arinstofa með útgengi á suðursvalir. Fjögur herbergi auk sjónvarpsherbergis. Flísalagt baðherbergi auk gestasnyrtingar. Lóðin er 525,0 fm. að stærð, ræktuð og með timburverönd, skjólveggjum og heitum potti. **Verð 68,0 millj.**



LINNETSSTÍGUR 2

Linnetsstígur 2 – Hfj. „penthouseíbúð“ í hjarta miðbæjarins.

OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00
Stórglæsileg og óvenju vönduð 157,4 fm penthouse íbúð ásamt tveimur sér stæðum í bílageymslu í nýlegu lyftuhúsi. Byggt árið 2005 og aldrei verið búið í eigninni. Gæðainnréttingar. Gegnheit parket. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi inn af. Stórar stofur með útgengi út á mjög stórar svalir sem liggja meðfram allri íbúðinni. Laus. **Verð 65,0 millj. Íbúð merkt 0401.**

KIRKJULUNDUR



Kirkjulundur 12 - 14, Garðabæ

- Glæsilegar 3ja – 4ra herbergja lúxusíbúðir með yfirbyggðum svölum og frábæru útsýni.
- Lyfta og sér stæði í bilageymslu.
- Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna, en baðherbergi, þvottaherbergi og gestasalerni flísalögð.
- Allar innréttingar eru sérsmiðaðar
- Eikarinnréttingar frá Fagus ehf.
- Afhending íbúða er í mars – apríl 2014.
- Stærðir íbúða eru frá 91,4 fm. upp í 136,7 fm.
- Íbúðirnar eru sýndar í samráði við sölumenn Fasteignamarkaðarins ehf.
- Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf.

RJÚPNAHÆÐ



Rjúpnahæð-Garðabæ

Glæsilegt 233,9 fm. einbýlishús á þöllum á mjög fallegum og grónum útsýnisstað í Garðabænum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförmum árum. Rúmgóð og björt setustofa með mikilli lofthæði. Eldhús og borðstofa í einu stóru opnu rými. Fjögur herbergi. Innfelld lýsing er í stórum hluta lofta hússins. Svalir út af hjónaherbergi til suðvesturs með fallegu útsýni. Ræktuð lóð með stórum hellulagðri innkeyrslu á framlóð og hellulagðri verönd og stéttum á baklóð. Hiti er undir nánast allri hellulögn á lóð hússins.



Verð 78,0 millj.

SÉRBÝLI



SÆBRAUT - SELTJARNARNESI. SJÁVARLÓÐ.

334,0 fm. einbýlishús á þremur þöllum á glæsilegri 963,0 fm. sjávarlóð við Sæbraut á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Staðsetning eignarinnar er frábær alveg niður við sjóinn þaðan sem nýtur frábærs útsýnis. Útbyggð setustofa með blágrýti á gólf og útgengi á lóð. Frábært útsýni er úr setustofu út á sjóinn, að Reykjanesi og víðar. Borðstofa með útgengi á svalir til suðurs. Tvöfaldur bílskúr.

SÉRBÝLI



ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.

Vel skipulagt og þó nokkuð endurnýjað 306,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Nýlega endurnýjað eldhús. Samliggjandi stofur með arni. Stór fallleg, nýlega endurnýjuð lóð með miklum hlöðnum skjólveggjum og stórum verönd til suðurs. Fallegur gróður, og lýsing á lóð hússins. Seljendur eru tilbúnir til þess að skoða skipti á minni eign. **79,9 millj.**

4RA- 6 HERBERGJA



HLÍÐARVEGUR - SUÐURHLÍÐAR KÓPAVOGS.

Glæsilegar 4ra herbergja íbúðir eru tvær og eru nánast algjörlega endurnýjaðar á vandaðan og smekklegan hátt. Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsum og á baðherbergjum. Ný gólfefni og nýjar innihurðir. Allar lagnir endurnýjaðar. Ný hellulögn fyrir framan hús og næg bilastæði. Verð 34,5 millj. og 36,9 millj.



SIGURHÆÐ- GARÐABÆ.

Mjög fallegt og vandað 292,0 fm einbýlishús að meðtöldum 44,0 fm. bílskúr í Hæðahverfinu í Garðabæ. Húsið stendur á 840 fm. skjólgóðri lóð með afgirtri verönd með heitum potti. Eldhús er nýlega endurnýjað. Nýtt og vandað aðalbaðherbergi. Ný gólfefni að hluta og hiti í gólfum að hluta. Samliggjandi stofur með arni. 5 herbergi. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla.



BAKKASTAÐIR. FRÁBÆR STAÐSETNING.

253,8 fm. einbýlishús með óinnréttaðu rými í risi á frábærum stað. Húsið er 211,8 fm. og bílskúrin er 42 fm. Fullbúið að innan, en að utan er eftir að mála og klára lóð og innkeyrslu. Tvennar stofur auk borðstofu. Fjögur herbergi. Tæplega 100 fermetra suðvestur verönd með heitum pott. Frábært útsýni. Stutt í skóla og leikskóla. Korpúfsstaðagólfvöllurinn er í göngufæri. Arkitekt er Vífill Magnússon. **71,0 millj.**



STRANDVEGUR – SJÁLANDI GARÐABÆ.

Reykjavíkurborg





LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
HUNGER GAMES 2	6, 9, 10
THE COUNSELOR	8, 10:30
PHILOMENA	5:50



ALFABAKKA	
THE FIFTH ESTATE	KL. 5:20 - 8 - 10:40
THE FIFTH ESTATE VIP	KL. 5:20 - 8 - 10:40
ENDER'S GAME	KL. 5:30 - 8 - 10:30
ESCAPE PLAN	KL. 8 - 10:30
THOR - DARK WORLD 3D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
BAD GRANDPA	KL. 5:50
PRISONERS	KL. 6 - 9
EGILSHÖLL	
STAND UP GUYS	KL. 8 - 10:10
ENDER'S GAME	KL. 5:30 - 8
ESCAPE PLAN	KL. 5:30 - 8 - 10:30
THOR - DARK WORLD 3D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
BAD GRANDPA	KL. 5:50
GRAVITY 3D	KL. 10:30
KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI	
THE FIFTH ESTATE	KL. 6 - 9 - 10:10
ENDER'S GAME	KL. 5:30
ESCAPE PLAN	KL. 10:30
THOR - DARK WORLD 2D	KL. 5:30 - 8
BAD GRANDPA	KL. 8
KEFLAVÍK	
HUNGER GAMES: CATCHING FIRE	KL. 8 - 11
THE FIFTH ESTATE	KL. 8 - 10:40
AKUREYRI	
THE FIFTH ESTATE	KL. 8 - 10:30
ENDER'S GAME	KL. 5:30
ESCAPE PLAN	KL. 10:40
THOR - DARK WORLD 3D	KL. 8



SMÁRRÁSBÍÓ	A 5%
THE HUNGER GAMES 2	KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11
THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS	KL. 5 - 8 - 11
THE COUNSELOR	KL. 8 - 10:30
CARRIE	KL. 10:30
FURÐUFUGLAR 2D	KL. 3:30
TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL	KL. 3:30

HÁSKÓLA BÍÓ	A 5%
THE HUNGER GAMES 2	KL. 6 - 8 - 9 - 11
THE FIFTH ESTATE	KL. 8 - 10:40
PHILOMENA	KL. 5:45 - 8
CAPTAIN PHILIPS	KL. 10:15
MÁLMAUS	KL. 5:45
HROSS Í OSS	KL. 6

BORGARÁSBÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.S
THE HUNGER GAMES 2	KL. 6 - 9 - 10:10
THE COUNSELOR	KL. 8
FURÐUFUGLAR 3D	KL. 6

Midasala á: midi.is og emioid.is



EMMSJÉ GAUTI

Emmsjé Gauti á Harlem

Rapparin Emmsjé Gauti heldur útgáfutónleika sína á skemmtistaðnum Harlem á miðvikudaginn. Platan hans Þeyr er komin í verslanir og stóð rapparinn í ströngu í Kringlunni þar sem hann áritaði plötuna. Hún kemur bæði út á geisladisk og vinyll. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og mun rappsveitin Úlfur Úlfur sjá um upphitun.

Tölvuteiknaði hamborgarinn á Íslandi

BAKPANKAR Ég stóð við afgreiðsluborð ónefndrar hamborgaraknæpu og skoðaði ljósmyndir af því sem var á matseðlinum á meðan ég beidi eftir matnum mínum. Fljótlega tók ég eftir því að ekki var allt með felldu. Maturinn leit óraunverulega út og það var eitthvað dularfullt í gangi á efri hluta hamborgara-brauðanna. Að lokum fattaði ég hvað var að. Þetta var allt sama brauðið. Ostborgarinn, beikonborgarinn og barbíkjúborgarinn, allir voru þeir í sama brauðinu. Það var sesamfræjamunstrið sem kom upp um blekkinguna. Svo þegar ég fékk matinn leit hann að sjálfsögðu allt öðruvísi út en á myndunum. Svona líkt og einhver hefði sest ofan á hann.



PETTA er ekki óalgengt, og líklega hafði bara verið tekin ljósmynd af einu hamborgara-brauði, einum hamborgara, og svo öllu meðlætinu sem í boði er. Síðan hefur einhver tölvunörd með lummu í vör sett saman hvern borgara fyrir sig í Photoshop. Notað öll trixín sem hann kann til að gera hvern og einn sem girnilegastan.

PETTA er sama aðferð og við Íslendingar notum til að lokka, eða ætti ég að segja narra, ferðamenn hingað til lands. Ferðabjónustan er í miklum blóma, en það er örugglega að einhverju leyti vegna þess að við skreytum sannleikann aðeins. Við sýnum þeim mikilfenglegar ljós- og hreyfi-myndir af íslenskrum náttúru sem enginn hefur séð með berum augum. Ísland er að mörgu leyti fallett, en það er grátt á litinn. Við vitum það öll. Allt annað er fölsun. Enginn Íslendingur borðar kæstan hákarl og lopapeysueign landans er í sögulegu lágmarki. Fullyrðingar um að „vinsælasti veitingastaður Íslands sé pylsuvagn“ er röng. Bæjarins bestu er nefnilega ekki veitingastaður heldur pylsuvagn. Myndir af lita-leiðréttum norðurljósum sem speglast á silfrudu vatnsyfirborði eru heldur ekki ljósmyndir heldur tölvuteikningar, svona eins og í Toy Story. Þetta er ekki til í alvöru.

AF hverju skrökvum við að útlendingum? Myndi enginn heimsækja okkur annars? Er ég kannski ekki ég, heldur bara fígúra í upplifuninni „Ísland“? Maður í risavöxnum Mikka músar-búningi að drepast úr hita því að viftan í búningnum er biluð? Búum við kannski öll á tölvuteiknuðum hamborgara?

Gullmiðanum svokallaða verður útbýtt eftir viku

Guðmundur Andri, Þórunn, Sjón, Jón Kalman, Vigdís, Andri Snær, Sölvi Björn, Arnaldur ... öll nefnd og fleiri til sem líkleg til að hreppa Gullmiðanum, tilnefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna, eftir viku.

Þann 1. desember verður Gullmiðanum svokallaða útteilt; tilnefningum til hinna íslensku bókmenntaverðlauna – verðlauna bókaútgefenda. Veruleg spennan er ríkjandi meðal rithöfundanna sem og áhugafólks um bókmenntir. Fréttablaðið heyrði ofan í fjölda fólks sem tengist bókaútgáfu og reyndi að draga upp mynd af því hverjir mega teljast líklegastir til að fá miða. Gullmiðinn er mikilvægur, ekki bara heiðurinn sem því fylgir að fá slíkan miða heldur skiptir það miklu máli í jólabókaflóði að geta límt gullinn miða á plast bókar sinnar. Nánast eins og korkur, líklegur er að bókin fljóti og vekji athygli. Fréttablaðið heyrði ofan í fjölda manns, áhuga- og atvinnumenn í bókageiranum sem þekkja vel til. „Mér finnst tvímælaust að tilefna eigi Vigdísí Grímsdóttur, Þórunni Erlu Valdimarsdóttur og Sjón. Svo er þetta spurning með Jón Kalman og Guðmund Andra Thorsson. Þeir hljóta að koma til greina,“ segir einn sem stöðu sinnar vegna getur ekki sett fram spá opinberlega. Og það á við um alla viðmælendur: „Skáldsaga ársins hlýtur að vera Össur... Nei, án gríns þá held ég að Andri Snær Magnason fái barnabókaverðlaunin, Guðmundur Andri tekur 1. sætið í fagurbókmenntunum, hans tími er kominn, og svo held ég að Sölvi Björn fái verðlaunin í flokki fræðibóka fyrir bækur sínar um veiðar og vatnasvæði. Raunar ætti hann að geta unnið í flokki fagurfræði líka. Því bókin er bæði fagur og fræði.“

Enn einn sem þekkir vel til var mjög afgerandi í sinni spá: Í flokki fagurbókmennta er það Þorsteinn frá Hamri með Skessukatla. „Þjóðskáldið upp á sitt besta!“ Skuggasund eftir Arnald Indriðason. „Arnaldur er orðinn einn færasti rithöfundur þjóðarinnar. Ekki bara vinsælastur heldur líka sprúðlandi talent,“



ÞYKIR ÖRUGG Vigdís Grímsdóttir á skilið Gullmiðanum samkvæmt viðmælendum Fréttablaðsins.



FAGURBÓKMENNTIR Guðmundur Andri Thorsson þykir koma sterklega til greina í flokki fagurbókmennta.



GÓÐ BARNABÓK Andri Snær Magnason gaf út flotta barnabók og ætti að vera tilnefndur til hinna íslensku bókmenntaverðlauna.

segir harðákefðinn viðmælendi blaðsins og bendir á að Arnaldur hafi sjaldan eða aldrei fengið betri dóma en nú: „Sæmd. Guðmundur Andri Thorsson er einn fremsti stílisti þjóðarinnar með fagaða og góða bók og svo Disu saga eftir Vigdísí Grímsdóttur. Frábær og nærgöngul bók.“ Enn annar viðmælendi nefnir Jón Kalman sem vænlegan kandidat með Fiskar hafa enga fætur. „Hann er sá sem mig langar að eyða jólnum með.“ Sá spáir einnig Vigdísí, Guðmundi Andra, Sjón og Þórunni Erlu Valdimarsdóttur góðu gengi í flokki fagurbókmennta.

En, þó fókúsin sé oftar en ekki á fagurbókmenntirnar er spennandi að sjá hvað kemur upp úr dúrnum með fræðibækurnar. Þar heyrir Fréttablaðið nefndar bækur á borð við Fjallabókina eftir Jón Gauta Jónsson, Sigrúnu og Friðgeir eftir Sigrúnu Pálsdóttur. „Sigrún sýndi það í bókinni Þóra biskups að hún gefur maka sínum, Braga Ólafssyni, ekkert eftir. Þetta er ein áhugaverðasta bók jóllanna,“ segir einn álitsgjafi

Fréttablaðsins. Sölvi Björn Sigurðsson hefur verið nefndur og þá er vert að hafa auga með bókinni Vatnið í náttúru Íslands eftir Guðmund heitinn Pál Ólafsson. „Hef ekki séð þessa enþá en get ekki ímyndað mér annað en að hér fari mikið stórvirki, enda Guðmundur Páll höfundur mikilla þrekvirkja.“ Og undir það tekur annar álitsgjafi sem nefnir einnig til sögunnar bók Adalsteins Ingólfssonar um Karólínu Lárusdóttur og Kamban eftir Svein Einarsson. „Í handbókum held ég að Handrit úr fórum Árna Magnússonar í samantekt Svanhildar Óskars eigi allt gott skilið, sem og Ódainsakurinn hans Jóns Karls Helgasonar. „Gaman að loks sé kominn flokkur fyrir barnabókmenntirnar. Þar spái ég að saga Sifjar Sigmarsdóttur, Múrin, verði sigursæl. Andri Snær kemur sterkur inn með Tímakistuna, væntanlega og Úlfshjarta Stefáns Mána á meira en skilið að fá tilnefningu. Fyrir yngstu börnin þá finnst mér að Saga um nótt eftir Evu Einars og Lóu H. Hjálmtýsdóttur komi til

greina og í lokin verð ég að nefna yndislega bók sem heitir Brosbókin eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen,“ segir einn viðmælenda með sinn spádóm. Annar kemur brattari inn og telur engan vafa leika á að Tímakista Andra Snæs fái Gullmiða. Hann veðjar á Vísindabók Villa og Draumsverð eftir Kjartan Yngva og Snæbjörn Brynjarsson. „Þessir strákar hlutu íslensku barnabókaverðlaunin í fyrra, fyrir fyrstu bókina í þessari seríu.“ Og þessi viðmælendi telur ekki vert að líta fram hjá leikaranum Gunna Helga með Rangstæður í Reykjavík. Hann nefnir einnig Sif til sögunnar þannig að hún telst líkleg með sína fyrstu bók.

jakobbjarnar@frettabladid.is

Pau sem öllu ráða

Ef þeir sem hér verða nefndir væru þannig innréttaðir, gætu þeir drukkið frítt á hvaða þar sem er. Þetta er fólkíð sem rithöfundar vilja hafa á sínu bandi. Þetta er fólkíð sem velur bækurnar sem fá Gullmiðan. Fyrir þriggja manna nefnd í flokki fagurbókmennta fer Þorgerður Elín Sigurðardóttir. Þá er Þóra Arnórsdóttir formaður flokki fræðibóka. Og síðan er það nýi flokkurinn sem er barnabækur. Þar er Guðni Kolbeinsson formaður. Pupalputtareglan er sú að sá sem er á 3. ári í nefnd verður formaður og hættir við svo búíð. Þannig að alltaf er einhver endurnýjun í nefndunum.

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

PARADÍS: VON
"IT COULD BE HIS BEST FILM SO FAR" - THE GUARDIAN

DR. WHO 50TH ANNIVERSARY SPECIAL

KÚBÖNSK KVIKMYNDAVIKA

SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

HRESSANDI STURTUTILBOÐ

Frískaðu upp á baðherbergið fyrir jólin.

JÓLATILBOÐ



EMOTION sturtuhaus 10 cm

2.990 kr.

Verð áður 3.990 kr.

**TVÖFALDUR
STURTUBARKI
150 CM**

1.290 kr.

Verð áður
1.910 kr.



SPRING
sturtuhaus 20 cm

6.900 kr.

Verð áður
9.450 kr.



ONDA
handsturtuhaus
1.790 kr.

Verð áður
2.490 kr.




SKINNY
handsturtuhaus
1.490 kr.

Verð áður
1.990 kr.



FONTE
handsturtuhaus
790 kr.

Verð áður
1.089 kr.



Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tenggi

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is

TENGI

Avaldsnes tapaði bikarúrslitaleiknum

FÓTBOLTI Íslendingaliðið Avaldsnes varð að lúta í lægra haldi fyrir Stabæk í úrslitaleik norskú bikarkeppninnar sem fór fram í Ullevaal um helgina.

Stabæk vann 1-0 í hörku-leik sem fór fram í skítakulda. Avaldsnes þjarmaði ansi hraustlega að marki Stabæk undir lokin og var ekki fjarri því að tryggja sér fram- lengingu.

Eina mark leiksins kom í fyrri hálfleik. Það var skallmark sem íslenski landsliðsmarkvörðurinn



Guðbjörg Gunnarsdóttir var með fingur á en inn fór boltinn.

Guðbjörg átti annars stórleik í marki Avaldsnes. Þjargaði oft á tíðum glæsilega en hennar flotti leikur dugði ekki til að þessu sinni.

Hólmfríður Magnúsdóttir og Þórunn Helga Jónsdóttir voru einnig í liði Avaldsnes í leiknum og spiluðu íslensku stelpurnar allan leikinn fyrir sitt lið.

- hbg

GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR

Ágætur árangur hjá fimleikalandsliðinu

FIMLEIKAR Íslenska fimleikalandsliðið stóð sig vel á Norður-Evrópu-mótinu í áhaldafimleikum. Ísland átti þrjú fulltrúa í úrslitunum í gær eftir að hafa náð góðum æfingum á laugardeginum.

Agnes Suto náði bestum árangri Íslendinganna en hún hafnaði í fimmta sæti á tvíslá. Agnes var einnig í úrslitum í stökki og þar hafnaði hún í sjötta sæti.

Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir endaði í áttunda sæti í gólfæfingum og Jón Sigurður Gunnarsson varð sjöundi í stökki.

Í fjölþrautinni náði Sigurður Andrés Sigurðsson bestum árangri strákanna með því að hafna í tuttugasta sæti. Agnes Suto gerði enn betur og hafnaði í þrettánda sæti í fjölþrautinni.

Finasti árangur hjá krökkunum og í tilkynningu frá Fimleikasambandinu kemur fram að þjálfarar liðsins hafi verið hæstánægðir með árangurinn.

- hbg

AGNES SUTO Stóð sig best allra í íslenska liðinu.

MYND/FSÍ



ENSKI BOLTINN

CARDIFF - MAN. UTD 2-2
0-1 Wayne Rooney (14.), 1-1 Fraizer Campbell (32.), 1-2 Patrice Evra (45.), 2-2 Kim (90.+1).

MAN. CITY - TOTTENHAM 6-0
1-0 Jesus Navas (1.), 2-0 Sandro, sjm (34.), 3-0 Sergio Agüero (41.), 4-0 Sergio Agüero (50.), 5-0 Alvaro Negredo (55.), 6-0 Jesus Navas (90.+2).

EVERTON - LIVERPOOL 3-3
0-1 Philippe Coutinho (5.), 1-1 Kevin Mirallas (8.), 1-2 Luis Suarez (19.), 2-2 Romelu Lukaku (72.), 3-2 Romelu Lukaku (82.), 3-3 Daniel Sturridge (89.).

ARSENAL - SOUTHAMPTON 2-0
1-0 Olivier Giroud (22.), 2-0 O. Giroud, vífti (86.).

FULHAM - SWANSEA 1-2
0-1 Aaron Hughes, sjm (56.), 1-1 Scott Parker (64.), 1-2 Jonjo Shelvey (80.).

HULL CITY - CRYSTAL PALACE 0-1
0-1 Barry Bannan (81.).

NEWCASTLE - NORWICH 2-1
1-0 Remy (2.), 2-0 Gouffran (38.), 2-1 Fer (80.).

STOKE CITY - SUNDERLAND 2-0
1-0 Charlie Adam (30.), 2-0 Steven Nzonzi (81.).

WEST HAM - CHELSEA 0-3
0-1 Frank Lampard, vífti (21.), 0-2 Oscar (34.), 0-3 Frank Lampard (82.).

STADA EFSTU OG NEÐSTU LIDA:

Arsenal	12	9	1	2	24:10	28
Liverpool	12	7	3	2	24:13	24
Chelsea	12	7	3	2	21:10	24
Man. City	12	7	1	4	34:12	22
Southampton	12	6	4	2	15:7	22
Man. Utd	12	6	3	3	20:15	21
Everton	12	5	6	1	17:13	21
Tottenham	12	6	2	4	9:12	20
Newcastle	12	6	2	4	17:17	20

Aston Villa	11	4	2	5	11:12	14
Hull City	12	4	2	6	9:15	14
Stoke City	12	3	4	5	12:14	13
Cardiff	11	3	3	5	9:15	12
Norwich	12	3	2	7	10:23	11
West Ham	12	2	4	6	9:14	10
Fulham	12	3	1	8	11:21	10
Crystal Palace	12	2	1	9	7:21	7
Sunderland	12	2	1	9	8:24	7

Tottenham skotið á bóllakaf

Man. City pakkaði slöku liði Tottenham saman í gær, 6-0, og henti sér um leið í toppbaráttuna. Arsenal er enn á toppnum eftir sigur á spútnikliði Southampton. Man. Utd fékk á sig jöfnunarmark í uppbótartíma.

FÓTBOLTI Gengi Man. City á heimavelli í vetur hefur verið með hreinum ólíkindum. Liðið valtar þar yfir andstæðinga sína og Tottenham fékk heldur betur að kenna á því í gær. City er búin að skora 26 mörk í fyrstu sex heimaleikjum sínum. Slíkur árangur hefur ekki náðst í deildinni í 78 ár.

Ekkert lið í deildinni hefur náð því að skora 26 mörk í öllum sínum leikjum. Tottenham hefur tvisvar áður tapað með sex marka mun í deildinni og þetta er aðeins í tíunda sinn í sögu félagsins sem félagið fær á sig slíkan fjölda marka. Þess má síðan geta að Tottenham hefur aðeins skorað sex mörk í allan vetur úr öpunum leik.

„Það var gríðarlega erfitt að fá á sig mark eftir aðeins tólf sekúndur. Þá fóru í raun öll plön út um þúfur,“ sagði Andre Villas-Boas, stjóri Spurs, en hann verður klárlega mikið gagnrýndur eftir þennan leik.

„Það er erfitt að setta sig við þetta. Það féll ekkert með okkur. Við fórum úr því að vera besta varnarlið deildarinnar yfir í að fá á okkur sex mörk. Ég tek ekkert af leikmönnum City sem voru frábærir. Við vorum aftur á móti skelfilegir. Við verðum að kunna að skammast okkar eftir þennan leik og svara á réttan hátt.“

Man. Utd fékk að kenna á eigin



SJÓÐHEITIR Sergio Agüero skoraði tvö mörk í gær og hann fagnar hér öðru markanna með félagum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

meðulum í gær er Kóreumaðurinn Kim jafnaði fyrir Cardiff í uppbótartíma. Áfall fyrir Man. Utd sem þurfti sárlega á þremur stigum að halda.

„Það er gríðarlega svekkjandi að hafa ekki fengið þrjú stig í þessum leik. Við börðumst kjánalega í jöfnunarmarki og gáfum heimskulega aukaspyrnu,“ sagði svektur stjóri Man. Utd, David Moyes.

Það er ekkert lát á góðu gengi Arsenal. Liðið lagði Southampton um helgina og hefur það náðugt á toppnum. Fyrri mark liðsins um helgina var gjöf frá markverði Southampton en sigurinn samt sanngjarn.

„Það er auðvitað mikið eftir en við höfum metnaðinn, einbeitinguna og löngunina til þess að fara alla leið. Við sýndum í þessum

leik hvað við getum gert og ætlum okkur að gera,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.

Eini alvöru framherji liðsins, Olivier Giroud, sá um markaskorun eins og svo oft áður.

„Hann er jákvæður karakter og alltaf til í að berjast. Hann gefur okkur mikið með líkamlegum styrk sínum.“

henry@frettabladid.is

22.
til
25.
nóv.

TAX
FREE

DAGAR Í
HEIMKAUPUM

Tax Free af
öllum
snyrti-
vörum

Snyrtivörur með Tax Free*
afslætti hjá Heimkaupum
dagana 22.–25. nóvember.
Glæsilegt úrval af vörum
fyrir húðina og hárið.

Gerðu góð kaup fyrir
jólin á Tax Free dögum
á Heimkaup.is.



Í **STUÐI** Eygló Ósk er hér á ferðinni í Ásvallalaug í gær. Hún var stjarna helgarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eygló stal senunni

Eygló Ósk setti fimm Íslandsmet um helgina.

SUND Eygló Ósk Gústafsdóttir var í frábæru formi um helgina þegar Íslandsmótið í 25 metra laug fór fram á Ásvöllum.

Hún byrjaði á því að setja Íslandsmet í 200 metra baksundi og fjórsundi á föstudeginum. Hún synti á 2:06.59 mínútum í 200 metra baksundi og á 2:13.41 mínútu í 200 metra fjórsundi.

Á laugardeginum setti hún Íslandsmet í 100 metra baksundi. Hún setti metið þegar hún synti fyrsta sprett í 4x100 fjórsundsboð-

sundi. Eygló synti á 59,56 sekúndum en gamla metið var 59,75 sekúndur sem hún átti sjálf frá því í desember 2011. Hún sló metið svo aftur í gær er hún synti á 59,42 sekúndum.

Í gær setti hún svo met í 400 metra fjórsundi. Hún synti þá á 4:46.36 mínútum en eldra metið var 4:47.21 mínúta og það átti Inga Elín Cryer.

Þetta voru einu Íslandsmetin sem voru sett á mótinu og ljóst að Eygló er í hörkuformi. - hbg

Kiel missti toppsætið

Flensburg skellti Kiel í toppslagnum í Pýskalandi.

HANDBOLTI Flensburg komst á topp þýsku úrvalsdeildarinnar í gær með því að sigra Kiel, 34-30. Sigurinn var mun öruggari en lokatölur gefa til kynna. Kiel sé aldrei til sólar í leiknum.

Aron Pálmarrsson skoraði fjögur mörk fyrir Kiel og Guðjón Valur Sigurðsson þrjú. Ólafur Gústafsson kom ekk-



ALFRED GÍSLASON, ÞJÁLFARI KIEL

ert við sögu í liði Flensburg.

Flensburg er með stigi meira en Kiel í deildinni en hefur leikið einum leik meira. - hbg

Sögulegt hjá Vettel

Sebastian Vettel vann sína níundu keppni í röð.

FORMÚLA 1 Þjóðverjinn Sebastian Vettel lauk vertíðinni í Formúlu 1 á viðeigandi hátt. Hann vann þá sína níundu keppni í röð og jafnaði um leið met Albertos Ascari frá árinu 1953.

Vettel jafnaði einnig met Michaels Schumacher með því að vinna þrettán keppni á sama tímabilinu. Heldur betur sögulegt tímabil hjá Vettel.

„Ég er hálforsorgmæddur yfir því að þessu tímabili sé lokið. Bíllinn hefur verið frábær og betri

með hverri keppni,“ sagði Vettel eftir kappaksturinn. „Ég er gríðarlega stoltur af þessum árangri. Allt liðið á samt sinn hlut í þessum draumatímabili.“

Mark Webber tók þátt í sinni síðustu keppni á ferlinum og lenti í öðru sæti. Hann var að vonum sáttur við það.

- hbg

MEISTARI Vettel fagnar í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY



NÝTT


Asma och Allergi Förbundet
Rekommenderat av
UMHVERFISVOTTAD

finish

MILT, UMHVERFISVÆNT OG SKÍNANDI HREINT

POWER & PURE

heimkaup.is



*Heimkaup greiða virðisaukaskatt en veita afslátt sem nemur 20,3% af verði vörunnar. Tax Free afsláttur gildir aðeins um snyrtivörur, dagana 22.–26. nóvember.



SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

innan höfuðborgarsvæðisins.

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is



Örugg vefverslun



Hagstætt verð



Hraðsending



Sendum um allt land

HEIMKAUP

Stöð 2 kl. 20.20 Galapagos

Magnaðir náttúru- lífsþættir í umsjón Davids Attenborough sem heldur til Galapagoseyja, eyjaklasa undan strönd Ekvadors. Þar er fjölbreytt dýralíf og mikil náttúrufegurð.



Í KVÖLD



Skrekkur 2013

SKJÁR EINN KL. 19.00 Bein útsending frá hæfileikakeppni grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu.



Í eldhúsinu hennar Evu

STÖÐ 3 KL. 20.05 Glæsilegir matreiðsluþættir þar sem matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.



Two and a Half Men

STÖÐ 2 GULL KL. 19.35 Hér er á ferðinni sjötta þáttaröðin um Charlie, fertugan píparsvin sem nýtur mikillar kvenhylli og hefur gert það gott með því að semja auglýsingastef.

FM957 kl. 07.00 Morgunþáttur FM957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli kl. 7 og 10 og er í boði Cocoa Puffs.



STOMP

HARPA

Sunday Telegraph:

„Sannir sviðstöfrar“

Eldborg
18., 19. & 20.
desember

Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions og Glynis Henderson Productions

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm In The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Gossip Girl
- 11.00 I Hate My Teenage Daughter
- 11.20 New Girl
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So you think You Can Dance
- 14.25 Wipeout USA
- 15.15 ET Weekend F
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.16 Veður

19.25 Stóru málin Vandaðir og áhuga-verðir þættir þar sem fjallað er á beinskeyttan hátt um stóru málin í pólitíkinni.

19.55 Mom (3:22) Frábær gamanþáttaröð um einstæða móður, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.

20.20 Galapagos (1:3) Magnaðir náttúru lífsþættir í umsjón Davids Attenborough sem heldur til Galapagoseyja.

21.15 Hostages (9:15) Magnaðir spennuþættir um Ellen Sanders, lækni Bandaríkjaforseta, sem stendur frammi fyrir því að hryðjuverkamenn ráðast inn á skrifstofu hennar og skipa henni að koma foretanum fyrir kattarnef, annars sé úti um fjölskyldu hennar.

22.00 The Americans (10:13) Vandaðir spennuþættir um hjón sem eru í raun meðlimir sovésku leyningjónustunnar.

22.50 World Without End (4:8) Stórbotin þáttaröð sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir Ken Follett.

- 23.40 Modern Family (7:22)
- 00.05 The Big Bang Theory
- 00.30 How I Met Your Mother
- 00.55 Bones
- 01.40 Episodes
- 02.10 Anamorph
- 03.55 Doomsday
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 17.10 Þýski handboltinn
- 18.30 Þór Þorlákshöfn
- 19.00 Keflavík - KR
- 20.30 Spænsku mörkin
- 21.00 Almeria - Real Madrid
- 22.40 Barcelona - Granada
- 00.20 Portúgal - Svíþjóð

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Cardiff - Man. Utd.
- 16.30 Stoke - Sunderland
- 18.10 West Ham - Chelsea
- 19.50 WBA - Aston Villa BEINT
- 22.00 Messan
- 23.10 Football League Show
- 23.40 WBA - Aston Villa
- 01.20 Messan

INN
20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús Meistaranna
21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Áfram Vogur

STÖÐ 3

- 17.15 Extreme Makeover. Home Edition
- 18.00 Hart of Dixie
- 18.40 The New Normal
- 19.00 Make Me A Millionaire Inventor
- 19.45 Dads
- 20.05 Í eldhúsinu hennar Evu
- 20.25 Glee 5 (5:22)
- 21.10 Mindy Project (12:24)
- 21.35 Graceland (12:13)
- 22.15 Pretty Little Liars (11:24)
- 22.55 Nikita (11:23)
- 23.35 Justified
- 00.15 Make Me A Millionaire Inventor
- 01.00 Dads
- 01.20 Í eldhúsinu hennar Evu
- 01.40 Glee 5
- 02.25 Mindy Project
- 02.50 Graceland
- 03.35 Tónlistarmyndb. frá Popptví

Krakkastöðin

07.00 Ævintýri Tinna 07.22 Ávaxtakarfan 07.35 Strumparnir 08.00 Lukku láki 08.24 Ofurhundurinn Krypto 08.45 UKI 08.50 Hvellur keppnisbíll 09.00 Dóra könnuður 09.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 09.45 Doddi litli 09.55 Sumardalsmyllan 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveins 10.48 Latibær 11.00 Ævintýri Tinna 11.22 Ávaxtakarfan 11.35 Strumparnir 12.00 Lukku láki 12.24 Ofurhundurinn Krypto 12.45 UKI 12.50 Hvellur keppnisbíll 13.00 Dóra könnuður 13.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 13.45 Doddi litli 13.55 Sumardalsmyllan 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveins 14.48 Latibær 15.00 Ævintýri Tinna 15.22 Ávaxtakarfan 15.35 Strumparnir 16.00 Lukku láki 16.24 Ofurhundurinn Krypto 16.45 UKI 16.50 Hvellur keppnisbíll 17.00 Dóra könnuður 17.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 17.45 Doddi litli 17.55 Sumardalsmyllan 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveins 18.48 Latibær 19.00 Puss N'Boots 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (5:24)
- 20.00 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson er einkar laginn við að næla í skemmtilega viðmælendur.
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (2:12) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknunum og bakaramistararnum Jóa Fel.
- 20.55 Ally McBeal (10:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma.
- 21.40 Without a Trace (15:23) Stöð 2 Gull rifjar upp þessa vinsælu glæpaseríu.
- 22.25 Nikolaj og Julie (10:22)
- 23.10 Anna Phil
- 23.55 Sjálfstætt fólk
- 00.25 Eldsnögg með Jóa Fel
- 00.50 Ally McBeal
- 01.35 Without a Trace
- 02.20 Tónlistarmyndb. frá Popptví

BÍÓ

- 11.45 We Bought a Zoo
- 13.45 Baddi í borginni
- 15.20 I Don't Know How She Does It
- 16.50 We Bought a Zoo
- 18.55 Baddi í borginni
- 20.30 I Don't Know How She Does It
- 22.00 J. Edgar
- 00.15 Rush Hour 2
- 01.45 Tree of Life
- 04.00 J. Edgar

RÚV

- 16.40 Landinn
- 17.10 Froskur og vinir hans
- 17.17 Töfrahnötturinn
- 17.30 Grettir
- 17.42 Engilbert ræður
- 17.50 Skoltur skipstjóri
- 18.05 Tákn málsfréttir
- 18.15 Orðbragð
- 18.45 Íþróttir
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Vert að vita – ...um mannlíkamann (1:3) (Things You Need to Know) Fræðslumyndaflokkur á gamansömum nótum frá BBC.
- 20.55 Brúin (10:10) (Broen II) Rannsóknarlögreglumaðurinn Martin Rohde í Kaupmannahöfn og starfssystir hans, Saga Norén í Malmö, eru mætt aftur til leiks í æsispennandi sakamálaþáttaröð. Aðalhlutverk leika Sofia Helin og Kim Bodnia. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið
- 22.45 Saga kvikmyndanna – Kynlíf og melódráma, 1950-1960 (6:15) (The Story of Film: An Odyssey) Heimildamyndaflokkur um sögu kvikmyndanna frá því seint á níjfundu öld til okkar daga.
- 23.45 Kastljós
- 00.10 Fréttir
- 00.20 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr.Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Secret Street Crew
- 16.45 Top Gear's Top 41
- 17.35 Dr.Phil
- 18.15 Judging Amy
- 19.00 Skrekkur 2013 BEINT
- 21.10 Hawaii Five-0 (3:22) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum.
- 22.00 CSI. New York (12:17) Rannsóknardeildin frá New York snýr aftur í hörkuspennandi þáttaröð þar sem hinn alvitri Mac Taylor ræður för. Lögreglumaður á frí-vakt er myrtur og er það undir rannsóknardeildinni komið að upplýsa málið.
- 22.50 CSI (10:23)
- 23.35 Law & Order. Special Victims Unit
- 00.20 Hawaii Five-0
- 01.10 Ray Donovan
- 02.00 The Walking Dead
- 02.50 In Plain Sight
- 03.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport 08.10 Golfing World 09.00 World Golf Championship 2013 13.00 OHL Classic 2013 15.00 OHL Classic 2013 18.00 Golfing World 18.50 OHL Classic 2013 22.00 Golfing World 22.50 OHL Classic 2013 01.50 Eurosport

Miðasala er hafin á midi.is og harpa.is

www.harpa.is/stomp

ICELANDAIR er aðalstyrktaraðili Hörpu

Arion banki

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

tl.is

TÖLVU LISTINN

JÓLATILBOÐ Á FARTÖLVUM!

TOSHIBA INTEL I5 HASWELL

Ótrúlega jólalegt verð fyrir þessa flottu hvítu 15,6" fartölvu með nýjustu Haswell útgáfunni af öfluga Intel i5 örgjörvanum. Lengri rafhlöðuending vegna betri orkunýtingar. Intel HD Graphics 4600 skjákort og 500GB harður diskur. USB3 fyrir allt að tífalt hraðari gagnaflytningshraða, HDMI og Bluetooth 4.0.



TOS-C55A1MW

119.990

HAGSTÆÐASTA 15,6"



Hentar frábærlega fyrir þá sem hafa einungis þörf fyrir einfalda tölvuvinnslu. AMD Dual Core örgjörvi.

TOS-C50DA133

69.990

INTEL DUAL CORE



Flott verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel örgjörva. Flott fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu með 500GB hörðum disk og Intel HD skjákorti.

TOS-C50A1C8

84.990

INTEL I3 ÖRGJÖRVI



Lægsta verð sem við höfum náð á Toshiba tölvu með Intel i3 örgjörvanum. Mikið fyrir peninginn.

TOS-C50A19U

99.990

QUAD CORE AMD A6



Öflugur fjögurra kjarna örgjörvi og Radeon HD 8400 skjákjarni. 6GB vinnsluminni og 750GB harður diskur.

TOS-M50DA10N

109.990

16 GB MINNI OG 1TB DISKUR



Hönnuð fyrir þá sem gera alvöru kröfur til vinnsluhraða með Quad Core AMD A6 og Radeon HD 8400 skjákorti.

TOS-M50DA112

129.990

ÖRÞUNN LEIKJATÖLVA



Intel i5 Haswell og sérstaklega öflugt 2GB nVidia GeForce GT 740 leikjaskjækort. Allt að 7 klukkutíma rafhlöðuending.

TOS-M50A118

149.990

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Lagið November Rain með Guns N' Roses kemur mér alltaf í girninn. Þetta er frábært lag. Gæti haft það endalaust í eyrunum og aldrei fengið nóg.“

Sigurður Þórðarson er búningastjóri íslenska karlalandslíðsins í knattspyrnu og líðsstjóri Pepsi-deildarlíðs Stjórnunnar. Hann er einnig þekktur sem Siggi dúlla.

Semur fyrir vini sem vinna til verðlauna

Einar Tryggvason kvikmyndatónskáld hefur samið tónlist fyrir tvær verðlaunamyndir í leikstjórn vina sinna.

Kvikmyndatónskáldið Einar Sverrir Tryggvason hefur nú samið tónlist fyrir tvær stuttmyndir sem hafa unnið til verðlauna, en leikstjórar beggja myndanna eru, eins og Einar, Álfnesingar. Leikstjórnarnir eru þeir Erlendur Sveinsson og Erlingur Óttar Thoroddsen. Erlendur vann til verðlauna í flokki mínútu-mynda á RIFF-kvikmyndahátíðinni fyrir myndina Breathe en Erlingur hefur unnið til fjölda verðlauna erlendis fyrir mynd sína The Banishing. Einar segir samstarfið við þá hafa legið beint við. „Við Erlendur höfum verið saman í bekk síðan við vorum 9 ára gamlir. Við byrjuðum að vinna saman að myndum þegar hann var í kvikmyndaskólanum og ég

hef samið tónlist fyrir nánast öll hans verk,“ segir Einar. Erlingur Óttar er svo vinur stóra bróður Einar og hafði samband við hann. „Erlingur hafði samband við mig gagnert til þess að vinna með sér, við þekktumst ekki mikið í æsku,“ útskýrir Einar, en Erlingur er fjórum árum eldri en Einar. „Mér fannst þetta bara liggja í augum uppi,“ segir Einar um samstarfið. Einar er nú búsettur í Hollandi þar sem hann stundar meistaranám í kvikmyndatónlist. Hann hefur samið tónlist fyrir þætti Skjás Eins. Einar er einnig þekktur sem keppandi í Útsvari fyrir Álfanes, þar sem hann keppti ásamt Tryggva M. Baldvinsyni, fóður sínum og tónskáldi. kjartanati@frettabladid.is



ÁVÍSUN Á VERÐLAUN Leikstjórar af Álfanesi hafa unnið til nokkurra verðlauna eftir samstarf við Einar Sverri.



ÁDALGIGGIN Logi Pedro Stefánsson segir að hinir árlegu tónleikar, Síðasti séns, séu skemmtilegustu tónleikar Retro Stefson hér á landi.

Síðasti séns ársins

Retro Stefson hlakkar mikið til að skemmta fólki á árlegum tónleikum næstsíðasta dag ársins 2013.

„Þetta eru aðalgiggin okkar á Íslandi, við hlökkum rosalega til,“ segir Logi Pedro Stefánsson, einn meðlima Retro Stefson, en hljóm-sveitin spilar á árlegum tónleikum sem bera titilinn Síðasti séns og fara fram í Vodafone-höllinni þann 30. desember. „Þetta er

eiginlega orðið að festivali, þarna er alltaf geðveik stemning,“ segir Logi og bætir því að ef fólk vilji sjá sveitina í toppformi eigi það að mæta á tónleikana. Ásamt Retro Stefson munu þau Sísý Ey og Hermigervill koma fram.

kjartanati@frettabladid.is

Myndlist á Íslandi í háum gæðaflokki

Steinunn Þórarinsdóttir heldur sína fyrstu einkasýningu hér á landi síðan 2006. Hún setti nýverið upp verkið Hliðstæður við flugvöllinn í San Diego í Kaliforníu.

Verkið Hliðstæður eftir Steinunni Þórarinsdóttur var í síðustu viku sett upp við flugvöllinn í San Diego í Kaliforníu. Steinunn hefur síðustu ár sýnt verk sín víða um heim og uppskorið mikla athygli. „Þetta var mjög skemmtilegt verkefni. Ég hef verið að starfa og sýna víða og er með gallerí sem starfa fyrir mig í London, Kaupmannahöfn, Toronto og í Bandaríkjunum,“ segir Steinunn, sem er nú með sýningu í Tveimur Hröfnum í Reykjavík. Sýningin er fyrsta einkasýning hennar hér á landi síðan 2006 en henni lýkur 30. nóvember. „Það er frábært að sýna í Gallerí Tveimur Hröfnum. Þar er unnið faglegt og gott starf. Ekki veitir af því að auka við flórana hér á Íslandi. Ég er þakklát fyrir þau tækifæri sem ég hef fengið erlendis. Það er svo gott að finna að það sem maður gerir sé metið. Mér finnst líka gaman að sýna á Íslandi þar sem ræturnar liggja.“ Steinunn segir myndlistina á Íslandi í háum gæðaflokki og ótrúlega mikið að gerast. Það vanti samt opinberan stuðning því fáir átti sig á því hversu mikilvæg myndlistin er. „Akkúrat núna ætti að styðja við hana en ekki draga úr stuðningi eins og virðist vera að gerast. Það mun skila sér margfalt.“

Verk eftir Steinunni er að finna víða. „Mörg útverka minna hafa verið risaverkefni í rauninni, eins og minnisvarðinn Voyage í Hull og För á Vík í Mýrdal. Þetta er eitt listaverk í tveimur löndum. Þau voru afhjúpuð með viku millibili.



MYNDLISTIN ER MIKILVÆG Steinunn segir fáa átta sig á hversu mikilvægt sé að styðja við myndlist. Steinunn segir það muni skila sér margfalt til baka. MYND/BRAGI.POR

Það furðulegasta sem komið hefur fyrir á mínum ferli var svo þegar verkinu í Hull var stolið ofan af 4 metra hárra stuðlabergssúlu. Þetta voru einhverjir galdramenn og verkið fannst aldrei. Sem betur fer var systurverkið til í Vík þannig hægt var að taka mót af þeirri fígúru og steypa aftur verkið fyrir Hull. Síðan var verkið endurafhjúpað í fyrra. Þá leið mér eins og Bill Murray í kvikmyndinni Groundhog Day en hann vaknaði alltaf upp við endurtekningu á sama degi.“

Framundan hjá Steinunni er sýning í Kaupmannahöfn í vor og einnig stór sýning hjá þekktum listaverkasafnara á einni stærstu

→ Það er frábært að sýna í Gallerí Tveimur Hröfnum. Þar er unnið faglegt og gott starf. Ekki veitir af því að auka við flórana hér á Íslandi.

vínokru í Vancouver í Kanada, Mission Hill Family Estate. Hún kynntist eigendunum fyrst á Íslandi. „Við hittumst hjá sameiginlegum vinum, Luis og Mary Arreaga, sendiherrahjónum Bandaríkjanna hér á landi. Þetta verður stórt verkefni sem gaman verður að takast á við,“ segir Steinunn að lokum.

olof@frettabladid.is

Leiklestur með rjóma íslenskra leikkvænna á afmælisdaginn

Hlín Agnarsdóttir fékk sex leikkonur til að lesa verk sitt Oní uppúr á afmælisdaginn sinn. Hlín hefur ítrekað reynt að fá verkið sýnt, án árangurs.

Hlín Agnarsdóttir leikstjóri hélt upp á sextugsafmæli sitt með afar nýstárlegum hætti um helgina. Hún stóð þá fyrir leiklestri á leikverki sínu sem ber titilinn Oní uppúr. Sex afar vinsælar leikkonur lásu verkið: Elva Ósk Ólafsdóttir, Steinunn Ólafsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Edda Björgvinsdóttir og Harpa Arnardóttir. Hlín segir þetta hafa verið afar skemmtilegan afmælisdag.

„Þetta var ólýsanlegt. Þarna var rjóminn af íslenskum leikkonum saman kominn. Margrét Guðmundsdóttir var líka að fagna áttæðisafmælinu sínu, hún átti afmæli fyrir stuttu. Þannig að þetta var sannkölluð stórafmælisýning,“ segir Hlín. Hún hefur reynt að fá verkið sýnt en hefur ekki enn haft erindi sem erfiði. „Þetta verk er óður til sundmenningar íslenskra kvenna, það gerist allt í kvennaklefa í sundlaug. Ég hef mikið reynt til þess að fá það sýnt og þessi leiklestur var eiginlega mín síðasta tilraun, þarna var ég að kveðja verkið.“ Hlín segist ekki vjta af hverju það gangi svona illa að fá verkið sýnt. „Ég veit ekki hvort þetta sé ótti við að þarna sé konur á öllum aldri. Fyrsta spurningin sem ég fé alltaf í sambandi við verkið er hvað ég ætli að gera í nektinni. Ég er ekki að pæla í neinni nekt. Nektin er bara hluti af lífinu,“ segir Hlín. Hún heldur þó enn í von-



RJÓMI LEIKKVENNA Elva Ósk Ólafsdóttir, Steinunn Ólafsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Edda Björgvinsdóttir og Harpa Arnardóttir lesa verkið Oní uppúr á laugardaginn.

ina og telur verkið eiga erindi við almenning. „Auðvitað er það mín helsta ósk að geta sett þetta upp. Ég fann það og skynjaði á viðbrögðum þeirra sem voru viðstaddir leiklesturinn að þetta virkar mjög skemmtilega,“ segir Hlín. kjartanati@frettabladid.is

100% NATURAL NOT SYNTHETIC

CC Flax

Frábært fyrir konur á öllum aldri
stuðlar að hormónajafnvægi og þyngdartapi

Mulin lignans hörfræ - sérrektuð
Trönuþerjafrae
Haf-kalkþörungur
Omega 3

Frábær árangur við tilfinningasveiflum, pírringi, hita- og svitakófi, svefnvanda og húðþurrk. Til að greinast og halda kjörþyngd. Vinnur fljótt á bjúg og vökvásöfnun, styrking gegn þvagfærasýkingu.* Ríkt af Omega-3 - ALA og trefjum.

Rannsóknir sýna 8,5 kg minni fitumassa
Rannsóknir hafa sýnt að konur sem hafa mikið lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið lignans.**
Rannsóknir sýna að asiukonur hafa yfirleitt mikið lignans í blóðinu, gott hormónatengt heilbrigði og offita þekkt vart.

* Howel AB Journal of the American Medical Association June 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



BREIÐARI, LENGRI, LÉTTARI OG HLAÐINN BÚNAÐI



Nýr ŠKODA Octavia

ŠKODA Octavia er glæsilegur og rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði. Má þar meðal annars nefna nálgunarvara að aftan, 16" álfelgur, fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma og Bluetooth búnað fyrir síma og tónlist.

ŠKODA Octavia kostar frá
3.790.000,-



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO₂ frá 99g/km



5 stjörnur í árekstrar-
prófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fedgin sungu saman

Söng- og leikkonan **Unnur Eggertsdóttir** tróð upp í Eldhúspartí FM957 síðastliðið fimmtudagskvöld við góðar undirtektir. Unnur, sem er umsjónarkona sjónvarpsþáttarins Popp og kók á Stöð 2, var þó ekki einsömul á sviðinu því hún hafði sem undirleikara föður sinn, Eggert Benedikt Guðmundsson. Eggert er þekktari fyrir störf sín sem for-

stjóri N1 en fyrir tónlistarhæfileika sína. Hann var þó hvergi banginn við að leika á gítar með dóttur sinni og stóð sig að sögn með stakri þryði.



Dömuðild JÖR væntanleg

Ef til vill hafa áhugamenn um innlenda fatatísku tekið eftir því að verslun JÖR á Laugavegi var lokað í gær og verður það aftur í dag. Það er þó ekki ástæða til að hafa áhyggjur, því aðeins er um að ræða framkvæmdir vegna væntanlegrar dömuðildar. Samkvæmt Facebook-síðu JÖR er von á þeirri deild í desember, en hingað til hefur verslun hönnuðarins **Guðmundar Jörundssonar** einungis boðið upp á herraföt. Verslunin verður opnuð aftur á morgun, þriðjudag. - bá



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Gyðja gjaldþrota
- 2 City valtaði yfir andlaust lið Tottenham | Sex marka niðurlægning
- 3 Beit húsmóður í tvo fingur
- 4 Nóg til af lækningatækjum á Íslandi en ekki á sjúkrahúsum
- 5 Morðingi Roberts Kennedy færður í nýtt fangelsi
- 6 Bráðfyndin klippa af Chris Farley slær í gegn

LÆRDÓMSRIT BÓKMENNTAFÉLAGSINS



Fjölbreytt – skemmtileg – fræðandi
Nú 86 titlar. Nánar á www.hib.is

HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG



Húfukolla
2.200 kr.

Vík High
Loft peysa
18.800 kr.

Vatnajökull
800 dúnjakki
49.800 kr.

Jólagjöfin er 66°NORÐUR

66north.is